

Læsi

fyrir lífið

MÁL- OG LÆSISSTEFNA FLÓASKÓLA

*Læsi er undirstöðupáttur mannréttinda
og lykilpáttur í þróun manneskjunnar*

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu móttast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.

EFNISYFIRLIT

1. Læsi fyrir lífið
 - 1.1 Hlutverk mál- og læsisstefnunnar
 - 1.2 Samfella milli skólastiga
 - 1.3 Eftirfylgni læsisteymis
2. Grunnþættir máls og læsis
 - 2.1 Hugtök
 - 2.2 Hlustun
 - 2.3 Talmál
 - 2.4 Lestur
 - 2.4.1 Lesfimi
 - 2.4.1 Lesskilningur
 - 2.5 Ritun
3. Lykilþættir mál- og læsiskennslu í Flóaskóla
 - 3.1 Áherslur í lestrarkennslu
 - 3.2 Kennsluaðferðir
 - 3.2.1 Lesfimi
 - 3.2.2 Orðaforði og lesskilningur
 - 3.2.3 Ritun
 - 3.3 Þjálfun máls og læsis í 1.-6. bekk
 - 3.4 Þjálfun máls og læsis í 7.-10. bekk
4. Hlutverk foreldra / forráðamanna
 - 4.1 Ábyrgð á læsisuppeldi
 - 4.2 Heimalestrarþjálfun
 - 4.3 Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur
5. Lestrarmenning
 - 5.1 Læsishvetjandi umhverfi
 - 5.2 Læsishvetjandi viðburðir
 - 5.3 Lestrarsprettir
 - 5.4 Skólabókasafn
6. Fjölyngi, læsi og fjölmening
 - 6.1 Fjölyngi og lestur
 - 6.2 Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)
 - 6.3 Fjölmening
 - 6.3.1 Fjölmeningarlegir starfshættir
 - 6.3.2 Fjölmeningarlegt umhverfi
7. Matstæki, verkferlar og viðmið
 - 7.1 Skimanir og próf í 1.-10. bekk
 - 7.2 Lesferill Menntamálastofnunar

- 7.2.1 Lesferill og lesfímiviðmið
- 7.2.2 Hliðarpróf Lesferils
- 7.3 Orðarún
- 7.4 Íslenski máhljóðamælirinn
- 7.5 LOGOS lestrargreiningarprófið
- 7.6 Samræmt könnunarpróf í íslensku
- 8. Frávik og íhlutun
 - 8.1 Lestrarferfiðleikar
 - 8.1.1 Innri og ytri þættir
 - 8.1.2 Sértekir umskráningarferfiðleikar (dyslexía)
 - 8.1.3 Sértekir lesskilningserfiðleikar
 - 8.2 Sérkennsla og stuðningur
 - 8.2.1 Snemmtæk íhlutun
 - 8.2.2 Íhlutun í 5.-10. bekk
 - 8.3 Námsver
 - 8.4 Einstaklingsmiðað nám
- 9. Starfsþróun
- 10. Fylgiskjöl
- 11. Fræðslufni
- 12. Námsgögn, -aðferðir og öpp
- 13. Heimildir og stuðningsrit

1. LÆSI FYRIR LÍFIÐ

1.1 HLOTVERK MÁL- OG LÆSISSTEFNUNNAR

Læsi er einn af sex grunnþáttum menntunar og undirstaða alls náms, samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Þá bendir UNESCO, menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, á að læsi sé undirstöðupáttur mannréttinda og lykilþáttur í þróun manneskjunnar og hæfni hennar til að takast á við lífið (Unesco, 2012).

Hugtakið læsi (e. *literacy*) er komið úr latínu. Í hefðbundnum skilningi snýst það um glímu við ritað mál; kunnáttu og færni sem þarf til að geta skilið texta og fært eigin hugsun í letur. Í víðari skilningi er læsi félagsfræðilegt fyrirbæri sem felur í sér getu til að taka þátt í samfélaginu. Góð færni í læsi er þannig forsenda skilnings á nánasta umhverfi og samfélagi og hefur áhrif á möguleika hvers einstaklings til að tjá sig og njóta sín í lífi og starfi.

Hlutverk mál- og læsisstefnu Flóaskóla er að tryggja sameiginlega sýn og stefnu kennara skólans til að efla lestrarfærni nemenda með markvissri lestrarkennslu og -þjálfun. Henni er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi handbók fyrir starfsfólk skólans og til að auðvelda foreldrum að styðja við barn sitt og hvetja það áfram. Í mál- og læsisstefnunni er fjallað um mismunandi kennsluáferðir í máli og lestri, matstæki og læsismenningu. Þá er með stefnunni leitast við að samræma og skýra mat á árangri nemenda og veita virka eftirfylgni til að stuðla að jöfnum rétti allra nemenda til árangurs í lestrarnáminu.

Mál- og læsisstefna Flóaskóla, *Læsi fyrir lífið*, er hluti af stefnu Flóaskóla og allir kennarar, stuðningsfulltrúar og aðrir sem koma að kennslu nemenda bera sameiginlega ábyrgð á að fylgja henni og vinna samkvæmt henni. Loks skal bent á að stefnan er lifandi skjal sem ber að endurskoða og uppfæra reglulega við lok hvers skólaárs í samræmi við Mál- og læsisstefnu Flóahrepps, Aðalnámskrá grunnskóla og stefnu skólafyrirvalda á hverjum tíma. Sérstakt læsisteymi við skólann ásamt verkefnisstjóra máls og læsis er ábyrgt fyrir þeirri vinnu.

1.2 SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA

Sem undirstöðu alls náms er læsi m.a. ætlað að stuðla að samfellu í skólastarfinu, bæði milli leikskóla og grunnskóla, innan grunnskólans og milli grunnskóla og framhaldsskóla. Samstarf er á milli 1. bekkjar Flóaskóla og skólahóps leikskólans Krakkaborgar í Flóahreppi. Þar fer fram skipuleg og markviss málörvunarvinna í gegnum leik og skapandi starf. Þjálfaðir eru allir þættir móðurmálsins; tal, hlustun, orðaforði og málskilningur. Grunnur er lagður að þroska barna sem býr þau undir lestrarnámið er við tekur í Flóaskóla. Skólahópurinn kemur reglulega í heimsókn í 1. bekk Flóaskóla og öðlast m.a. innsýn í stafainnlögn og lestrarkennslu, auk þess að heim-sækja fleiri stofur og bekki. Á vorskólaviku í maí er skólahópurinn heila viku í Flóaskóla og kynnist þá ýmsum námsgreinum og kennurum út frá skipulagi skólastjórnenda. Einnig fara nemendur úr tilteknum árgöngum Flóaskóla og lesa, flytja og kynna verkefni fyrir nemendum

elstu deildar leikskólans. Á sérstökum skilafundi í lok maí fara leikskólakennarar yfir stöðu hvers nemanda í skólahópnum með stjórnendum skólans, verkefnastjóra stoðþjónustu og væntanlegum umsjónarkennara.

Í Flóaskóla er stöðugt fylgst með lestrarframvindu nemenda með reglulegum prófunum og skimunum og brugðist við vísbendingum um lestrarvanda með snemmtækri íhlutun. Inngrip geta verið væg eða víðtæk, allt eftir eðli frávikanna, eins og skýrt verður frá í 8. kafla. Við útskrift úr skólanum hafa nemendur með sér greiningargögn um mál- og lestrarerfiðleika og aðrar vægari raskanir í þann framhaldsskóla sem þeir hefja nám við að hausti til að tryggj sé að réttindi þeirra í námi fylgi þeim áfram. Unnið er að sérstakri tilfærsluáætlun í samráði við sérkennsluteymi framhaldsskólans frá lokum 9. bekkjar varðandi nemendur með víðtækari raskanir og sérþarfir.

1.3 EFTIRFYLGNI LÆSISTEYMIS

Læsisteymi Flóaskóla ber ábyrgð á eftirfylgni mál- og læsisstefnunnar, eins og fram kom hér ofar, auk þess að veita kennurum ráðgjöf um stefnuna. Í hlut teymisins fellur þannig að endurskoða og aðlaga stefnuna til samræmis við stefnu skólans, nýjar skimanir og greiningartæki og þær breytingar sem kunna að verða á áherslum mál- og læsisstefnu Flóahrepps. Helstu framkvæmdaþættir stefnunnar eru settir inn á skóladagatal að hausti til að auðvelda kennurum að fylgja eftir tímasetningum og framkvæmd skimana, prófa og greininga í sínum árgöngum. Læsisteymið (og/eða verkefnastjóri máls og læsis) kynnir áherslur og vinnulag um lestur með reglubundnum hætti, stendur fyrir lestrarsprettum og heldur utan um árangur og framfarir. Verkefnastjóri stoðþjónustu leggur mat á niðurstöðurnar og gerir ráðstafanir um íhlutun þar sem þörf er á.

2. GRUNNÞÆTTIR MÁLS OG LÆSIS

2.1 HUGTAKASKÝRINGAR

Helstu þættir máls og læsis eru hlustun, talmál, lestur og ritun. Þeir fela m.a. í sér hljóðkerfis- og hljóðavitund, umkóðun og orðakennsl, orðaforða og málskilning, máltjáningu og frásagnarhæfni. Neðangreind hugtök eru grunnþættir læsis en lesa má meira um hvert þeirra á vef *Miðju máls og læsis* og *Lesvefnum* (sjá listann Fræðsluefni í kafla 10).

HLJÓÐKERFISVITUND (e. *phonological awareness*)

Hljóðkerfisvitund er sá hluti málþroskans sem hefur með lesturinn að gera. Þroskuð hljóðkerfisfærni er mikilvæg til að eiga möguleika á að ná góðum tókum á lestri. Hún felur í sér tilfinningu og næmi einstaklings fyrir hljóðrænni uppbyggingu tungumálsins; hvernig greina má talmál niður í smærri hljóðeiningar og vinna með einingarnar á ýmsa vegu.

LÆSI (e. *literacy*)

Að vera læs í almennri merkingu er einfaldlega að geta lesið ritað mál og skilið það, auk þeirrar færni að geta skrifað texta samkvæmt viðurkenndri stafsetningu. *Tækniþáttur* lestrarins byggir á umkóðun og málskilningi en *skilningshlutinn* reynir m.a. á orðaforða, áhuga, reynslu, ályktunar- og samskiptahæfni. Í útvíkkaðri merkingu felur læsi í sér færni einstaklings til að lesa, skrifa og tala tungumál sitt, fást við tölur, geta aflað sér og tjáð sig um upplýsingar og leyst vandamál sem verða á vegi í vinnu og samfélagi, sjálfum sér og umhverfi sínu til gagns. Þá er *nýlæsi* leikni í notkun upplýsingatækni og miðlunar, auk læsis á umhverfið. Kjarni læsis verður þó alltaf að geta notað tungumálið á virkan hátt til skilnings, tjáningar og sköpunar.

MÁL & MÁLÞROSKI (e. *language & oral language skills*)

Málið er eitt öflugasta verkfæri hugsunarinnar. Málskilningur vísar til skilnings á mæltu máli. Málþroski felur í sér bæði skilning á og úrvinnslu úr hljóðum, orðaforða, málfræði, setningafræði og málnotkun. Málhegðun er vitundin um það hvernig mál er notað á ólíkan hátt við mismunandi aðstæður. Tengsl eru milli málþroska, læsis og námsárangurs.

MÁLTJÁNING & FRÁSAGNARHÆFNI (e. *verbal expression & narrative ability*)

Tjáning er mikilvægur hluti af þroska barna. Máltjáning og framsögn eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og unglinga og er grunnur jákvæðra og uppbyggilegra samskipta. Með markvissri þjálfun í uppbyggingu, framsetningu og miðlun efnis öðlast nemendur aukið öryggi í að tala fyrir framan hóp.

ORÐAFORÐI (e. *vocabulary*)

Orðaforði (merkingarfræði) er það safn orða sem einstaklingur skilur og hefur á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvöllur þess að skilja talað og lesið mál og hefur áhrif bæði á hljóðkerfisfærni og leshraða. Því fleiri orð sem einstaklingur þekkir í texta, því meira verður næmið fyrir hljóðkerfinu og því hraðar og áreynslulausar les hann textann.

RITUN & STAFSETNING (e. *writing & spelling*)

Mál, lestur og ritun eru gagnvirk ferli sem þjálfar þarf samhliða. Við skrifum til að miðla upplýsingum; skiptast á skoðunum, segja frá, fræða og halda utan um upplýsingar. Færni í ritun byggir

ekki eingöngu á réttri stafsetningu, heldur þarf einstaklingurinn að þekkja til mismunandi málsniða og tegunda texta út frá tilgangi hans.

UMKÓÐUN & ORÐAKENNSL (e. *decoding & word recognition*)

Umkóðun felur í sér að einstaklingur breytir táknum (bókstöfum) í hljóð og tengir þau saman í orð sem hann síðan leggur merkingu í. Smám saman ber barnið kennsl á fleiri orð og þarf ekki lengur að hljóða sig í gegnum þau (e. word recognition). Þegar barn hefur leyst „umkóðunar-gátuna“ kann það að lesa og sjálf lestrarþjálfunin tekur við. Hún varir út grunnskólann.

2.2 HLUSTUN

Til að barn geti tileinkað sér hljóðkerfi tungumálsins verður það að hlusta. Hlustun er því bæði grundvallaratriði í máltöku barna og um leið grundvöllur fyrir samskiptum manna í milli. Í gegnum hlustunina byggir barnið upp orðaforða sinn sem síðar verður undirstaða lesskilnings í lestrarnáminu. Á eftir hlustunarorðaforðanum þróast talorðaforðinn og loks lestrar- og ritunarorðaforðinn. Góð leið til að efla hlustun og einbeitingu barna, undirstöðuþætti góðrar hljóðavitundar, er að lesa upphátt fyrir börn. Að útskýra ný eða framandi orð og orðasambönd og spyrja börn út í textann sem lesinn er, hvort heldur það er kennari/foreldri sem les fyrir barnið eða öfugt, leiðir til aukins orða- og hugtakaforða þeirra.

2.3 TALMÁL

Hæfileiki barns í málnotkun, það er sú færni sem það býr yfir til að segja frá, útskýra og gefa upplýsingar, hefur ein mestu áhrifin á þróun þess í lestri og ritun. Að mati Spandel (2008) rita börn með tungumáli sínu í huganum strax frá unga aldri. Þau fá hugmyndir og segja frá þeim á lifandi og skemmtilegan hátt. Þarna hefst ritun þeirra, bendir hann á, ekki með pappír, heldur með því að hafa eitthvað að segja frá. Því er mikilvægt að vinna á markvissan hátt að eflingu orðaforða nemenda og veita þeim ríkuleg tækifæri til að ræða persónulega reynslu sína. Með aukinni áherslu á tal- og hlustunarorðaforða barna er síðan hægt að flytja orð úr þeim orðaforða í lestrar- og ritunarorðaforðann.

2.4 LESTUR

2.4.1 Lesfimi

Lestur felst í grófum dráttum í tveimur megináðgerðum; annars vegar færni við að lesa úr bókstafstáknunum (umskráningu orða með því að breyta hverju bókstafstákni í hljóð og tengja hljóðin saman í orð) og hins vegar færni við að skilja þann texta sem lesinn er (málskilningi). Í upphafi lestrarnámsins beinist athygli barnsins að hinni tæknilegu hlið lestrarnámsins, umskráningunni, en síðan reynir sífellt meir á viðtæka málfærni og þekkingu á tungumálinu; að skilja merkingu orða, samhengi í texta og geta dregið ályktanir út frá lestextanum. Börn læra

málið af samskiptum við annað fólk, oftast án sérstakrar kennslu. Lestur þarf hins vegar að kenna og þjálfra, einkum; lestækni, lesskilning og ritun.

Lesfimi (e. *reading skills*) er þannig samsett færni sem byggir á lestrarnákvæmni (að lesa rétt), sjálfvirkni (að geta lesið fyrirhafnarlaust og með góðu flæði) og hrynrænum þáttum tungumálsins (að lesa með réttum áherslum og eðlilegu hljómfalli). Slök lesfimi hefur neikvæð áhrif á lesskilning því þá fer einbeitingin í umkóðun orða í stað merkingar textans. Lesfimi er mæld í fjölda rétt lesinna orða á mínútu þrisvar sinnum á hverju skólaári. Farið er eftir lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunar.

2.4.2 Lesskilningur

Lesskilningur (e. *reading comprehension*) er flókið ferli sem felur í sér fjölþætta, hugræna og málræna úrvinnslu, auk túlkunar lesandans á textanum. Mikið reynir á rökhugsun sem háð er þjálfun, ögun og þeim efnivið sem unnið er með hverju sinni. Frávik í einum þessara þátta getur leitt til vanda í lesskilningi. Markmið með námi barna er ævinlega að skilja það sem lesið er.

Lesskilningur er gjarnan mjög breytilegur vegna þess að hann er undir áhrifum af lestrarfærni (umskráningarfærni) lesandans, þátttöku hans í að umbreyta ritmáli í merkingu, sem bæði tengist textanum og þeim verkefnum sem lesandanum er ætlað að vinna, svo og því samhengi þar sem lesturinn á sér stað (Bergljót V. Jónsdóttir, 2010, bls. 25-39).

Merkingin sem lesendur leita eftir er bæði í textanum og hugarheimi lesandans sjálfs, sem leggur persónulega reynslu sína og þekkingu, tilgang sinn og sjónarhorn í orð höfundar og þann boðskap sem textinn hefur fram að færa. Lesskilningur getur aldrei orðið sjálfvirkur þar sem hann krefst alltaf athygli og virkrar hugsunar lesandans. Árangursríkur lestur felur þannig í sér heildstæða og nothæfa hugarmynd af textanum sem lesandinn getur sótt, hagrætt og nýtt sér í hvaða aðstæðum sem er. Til að þetta geta orðið þarf lesandinn að búa yfir góðum orðaforða, bakgrunnsþekkingu, ályktunarhæfni, þekkingu á uppbyggingu málsins og textans og síðast en ekki síst vitund um eigin skilning.

2.5 RITUN

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013: 99) má greina ritun í tvo samofna meginþætti. Annars vegar er um að ræða textann sjálfan; val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíl. Hins vegar eru það tæknileg atriði eins og skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. Við alla textagerð er nauðsynlegt að gæta að þessum tveimur meginþáttum, sama hvort nemandinn er að skrifa bókmentnalegt efni, nytjertexta eða ritgerðir og hugleiðingar.

En í ritun felst ekki aðeins að búa til texta, hvort heldur á blaði eða stafrænu formi, heldur fyrst og fremst að skapa merkingu með honum. Þá þarf bæði að hafa í huga tilgang og markmið textans og ólíka hópa lesenda.

Lestur og ritun eru nátengdar athafnir sem hafa víxlverkandi áhrif hvor á aðra. Ritun leiðir til meiri lesturs, eykur orðaforða og eflir rökhugsun. Allur lestur styður því við ritun og öll ritun styður við lestur. Því fleiri og fjölbreyttari texta sem nemendur lesa, því breiðari verður sjóndeildarhringur þeirra. Ritun krefst skipulags og að nemendur nýti sér þekkingargrunn sinn, reynslu og upplifandir til að lita frásagnir sínar lífi.

3. LYKILÞÆTTIR MÁL- OG LÆSISKENNSLU Í FLÓASKÓLA

3.1 ÁHERSLUR Í LESTRARKENNSLU

Lestrarkennsla þarf að beinast að eftirfarandi þáttum læsis: hljóðkerfis- og hljóðavitund, hlustun, umskráningu, lesfimi, orðaforða, lesskilningi og ritun. Hafa ber í huga að börn eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við lestrarnám við upphaf grunnskólagöngu. Mæta þarf hverjum nemanda þar sem hann er staddur og útfæra einstaklingsmiðaða lestrarkennslu fyrir hvern og einn.

Lestrarkennslu og -þjálfun þarf að halda áfram allan grunnskólann og leggja áherslu á mismunandi lestrarlag og fjölbreytt lesefni, jafnt prentað efni sem lesefni á netinu. Frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Þá tengist lestrarþjálfun einnig upplýsingaöflun, öðru námi og bókmenntum af ýmsu tagi.

Æfingin skapar meistarann. Yngstu nemendurnir, sem eru að ná tökum á tæknilegri hlið lestrar, sem og þeir eldri, sem eru að bæta sjálfvirkni sína í lestri og efla lesskilning, þurfa hvorir tveggja mikla og stöðuga æfingu. Sú þjálfun þarf að vera samvinna heimilis og skóla. Foreldrar og/eða forráðamenn og kennarar skólans bera sameignlega ábyrgð á því að vel takist til með lestrarnámið, því regluleg þjálfun skilar bestum árangri.

Taflan hér fyrir neðan sýnir viðmið Flóaskóla fyrir lestrarkennslu og -þjálfun nemenda.

Lestrarkennsla og -þjálfun	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7.-8. b.	9.-10. b.
Hljóðkerfisvitund, bókstafir og hljóð	daglega	daglega	eftir þörfum	eftir þörfum				
Bókstafainnlögn og -könnun	x							
Skólalestur fyrir kennara eða félagaga	daglega	daglega	daglega	daglega	lágmark 3x í viku	lágmark 3x í viku		
Lestur, fjölbreytilegar aðferðir og mismunandi lestrarlag	x	x	x	x	x	x	x	x
Lesið fyrir nemendur og unnið með texta, orð og hugtök	daglega	daglega	daglega	daglega	lágmark 3x í viku	lágmark 3x í viku	lágmark 1x í viku	lágmark 1x í viku
Yndislestur	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	lágmark 3x í viku	lágmark 3x í viku
Lestur á vefsíðum				x	x	x	x	x
Unnið með orðaforða og málskilning	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega
Skapandi ritun sem leið til tjáningar og læsis	x	x	x	x	x	x	x	x
Lestrarsprettir einu sinni á önn, munnleg/skrifleg tjáning í lokin	x*	x	x	x	x	x	x	x
Framsagnarlestur			1x á vori	1x á vori	1x á vori	1x á vori	1x á vori	tengt þemum
Heimalestur	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	lágmark 3x í viku	lágmark 3x í viku

*Lestrarsprettir nemenda 1. bekkjar fela í sér hvatningu til foreldra um að lesa daglega fyrir börn sín og ræða textana við þau. Einnig að þau skoði sjálf bækur daglega og lesi eftir áhuga og getu.

3.2 KENNSLUAÐFERÐIR

3.2.1 Lesfimi

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni (fjöldi rétt lesinna orða), áherslum og hrynjandi í lestri. Lesfimi vísar þannig til sjálfvirkrar samhæfingar á umskráningu, orðabekkingu og lesskilningi, þannig að lesturinn verði nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Lesfimi er mæld sem fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Prófað er þrisvar sinnum árlega í öllum árgöngum og farið eftir útgefnum lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunar eins og hér segir:

Viðmið MMS: rétt lesin orð á mín. í lok skólaárs	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
Lágmarksviðmið (90% nemenda náí þeim)	20	40	55	80	90	105	120	130	140	145
Almenn viðmið (50% nemenda náí þeim)	55	85	100	120	140	155	165	180	180	180
Metnaðarfull viðmið (25% nemenda náí þeim)	75	100	120	145	160	175	190	210	210	210

Fjölbreytilegum aðferðum er beitt við lestrarkennsluna. Þessar eru helstar:

HLJÓÐAÐFERÐIN

Lestrarkennsla í Flóaskóla grundvallast á hljóðaaðferðinni, enda eru rannsakendur og kennismiðir lestrarfræða sammála um að hún sé bæði fljótlegasta og árangursríkasta leiðin til að ná tökum á lestækni. Aðferðin gengur út á að nemendur læri að bókstafirnir tákni hljóð orðanna í talmálinu. Nemendur læra þannig skilvirka tækni til að takast á við ný orð. Tákn og hljóð bókstafanna eru kennd samhliða því að nemendur þjálfast í ritun þeirra. Þá læra þeir að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar. Ýmis námsspil og leikir eru mikilvægar kennsluaðferðir til þess að þjálfra bókstafi, hljóð þeirra og tákn, orð og orðmyndir í yngstu árgöngum skólans.

RADDLESTUR OG HLJÓÐLESTUR

Ýmsar leiðir eru farnar til að þjálfra þann lestur sem kenndur er með hljóðaaðferðinni. Í raddlestri les nemandinn upphátt fyrir kennarann, bekkjarfélagi og í hljóðlestri æfir hver nemandi sig í að lesa í hljóði. Það á oft við þegar einn nemandi í einu les upphátt fyrir kennarann.

SKIPTILESTUR, KÓRLESTUR OG BERGMÁLSLESTUR

Skiptilestur felur í sér að kennari og nemandi lesa til skiptis á meðan kórlestur er þegar hópur nemenda, jafnvel allur bekkurinn, les texta saman upphátt. Þegar þjálfuð er aðferð bergmálslestrar les kennarinn fyrst eina setningu eða efnisgrein og nemendur hlusta og fylgja sama texta eftir með augunum, síðan lesa nemendur sömu setningu eða efnisgrein og reyna að líkja eftir hljómfalli og áherslum kennarans. Öllum nemendum er mikilvægt að hafa fyrirmynd í lestri, ekki síst hvað varðar notkun greinarmerkja, hljómfalls og hrynjandi í málinu. Með skiptilestrar- aðferðinni og ekki síst bergmálslestrinum getur kennarinn verið nemendum þessi fyrirmynd.

PALS LESTRARÞJÁLFUN (e. *peer assisted learning strategies*)

er lestrarþjálfunaraðferð sem hefur skilað góðum árangri og er notuð í þeim tilvikum sem starfandi kennarar við skólann hafa tilskilin réttindi til að beita henni. PALS hefur fengið íslenska heitið „þör að læra saman“. Nemendur vinna tveir og tveir saman og fara í gegnum fyrirfram ákveðið ferli sem þeim er kennt áður en þeir byrja. Annar nemandinn les og hinn þjálfar, síðan er skipst á hlutverkum. Kennslustundin skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Skipt er um féлага á fjögurra vikna fresti. Ferlið tekur um 35 mínútur og er miðað við að nemendur fari í PALS þrisvar sinnum í viku í tólf vikur í senn. Fyrir utan að bæta lesfimi nemenda eflir aðferðin einnig lesskilning þeirra.

3.2.2 Orðaforði og lesskilningur

Eins og áður sagði byggir lestur á tveimur hugrænum aðgerðum, umskráningu og lesskilningi. Nemandi sem ekki hefur vald á umskráningu getur ekki lesið og nemandi sem skilur ekki texta er ekki læs. Markmið lestrar er því ekki bara að bera kennsl á (lesa) orð, heldur ekki hvað síst að skilja það sem lesið er. Skilvirkur lestur nefnist það þegar lesandinn skilur það sem hann les. Forsenda skilvirkis lestrar er að nemandinn nái að lesa fyrirhafnarlaust, hratt og sjálfvirkt. Hugrænu lestraraðgerðirnar tvær tengjast því órjúfanlegum böndum.

Orðaforða er oft skipt upp í þrjú þrep; *grunnorðaforða* sem við kynnumst strax á unga aldri, *millilag* sem felur í sér orð sem skipta sköpum þegar börn fara að lesa sér til gagns og gamans, ýmis orðatiltæki og málshætti og loks *efsta lag*, en því tilheyrja sérhæfðari orð sem við ættum að þekkja og lærast í tengslum við ákveðin viðfangsefni í náminu. Fjölbreytilegum aðferðum er beitt til að efla orðaforða og lesskilning. Þessar eru þær helstu en auk þess flétta kennarar vinnu með orðaforða, mál- og lesskilning inn í alla almenna kennslu:

GAGNVIRKUR LESTUR (e. *interactive reading*)

Lestrarþjálfunaraðferðin gagnvirkur lestur er ferli sem fær nemandann til að einbeita sér betur að lestri textans og skilningi á honum. Aðferðin er því vel til þess fallin að efla orðaforða og lesskilning nemenda, auk þess að stuðla að auknum málþroska almennt. Nemendur lesa texta, t.d. eina efnisgrein eða eina blaðsíðu, dregur síðan saman aðalatriði textans og leitar skýringa á framandi orðum og orðasamböndum með aðstoð kennara. Loks spá þeir fyrir um framhald textans. Nemendur þjálfast þannig í að tengja efni textans fyrri þekkingu, lesa á milli lína, spyrja sig spurninga um efnið, beita ályktunarfærni, leggja sinn eigin skilning í textann og túlka hann. Gagnvirkur lestur má nota þegar börn eru orðin vel læs en í yngri árgöngum getur kennari lesið textann og á þann hátt eflt hlustunarskilning, orðaforða og ályktunarhæfni nemenda.

SAMRÆÐULESTUR (e. *dialogic reading*)

Samræðulestur er kerfisbundin leið til að fá börn til að tala um innihald bóka með það að markmiði að efla málhæfni og auka orðaforða þeirra. Kennari/foreldri er fyrirmynd barnanna og sýnir þeim hvernig á að beita tungumálinu, spyr spurninga, veitir endurgjöf og stuðlar smám saman að því að lýsingar barnanna á innihaldi bókana verði sífellt ítarlegri og „fullorðinslegri“.

Þannig eykst orðaforði þeirra og málhæfni stig af stigi. Vinnuferlið felst í að spyrja/hvetja, meta, útvíkka og endurtaka – samantekið í SMÚE. Í spurningahlutanum er söguþráðurinn rifjaður upp, spurt er opinna spurninga (hvað, hvar, hvenær, hvernig og hvers vegna) og endað á að vísa út fyrir bókina til að tengja ný orð við reynsluheim nemenda.

HUGTAKAKORT

Gerð hugtakaorta er námstækni sem nýtist við að afla sér skilnings á námsefni eða hvers konar texta sem er á árangursríkan hátt. Samtímis eflir aðferðin færni í skipulegri ritun. Aðferðin reynir á færni nemenda til að draga út meginhugtök texta og raða þeim upp á skipulegan og rökrænan hátt. Hugtakakortin eru misflókin eftir aldri og þroska nemenda og eðli texta sem unnið er með. Leiðin er þessi; fyrst er textinn lesinn og hugtök eða dæmi skrifuð á lausa miða sem síðan eru flokkuð saman og þeim raðað á stóra örk. Yfirhugtökum er bætt við eftir á og dæmum bætt við. Kortið er yfirfarið á gagnrýnan hátt og leiðrétt ef þurfa þykir. Nemendur endurrita að lokum hugarkortið á blað og teikna hringi og línur. Hér má láta staðar numið eða halda áfram og nýta kortið sem inngang að ritunarkennslu og þá er hægt að skrifa texta út frá „beinagrind“ kortsins.

3.2.3 Ritun

Lestur og ritun eru tvær hliðar á sama peningi. Því fjölbreyttari texta sem nemendur lesa, þeim mun auðveldara eiga þeir með að skrifa slíka texta – og öfugt. Talað er um sjö mismunandi tegundir ritunar; frásögn, skýrslu, útskýringar, leiðbeiningar, sannfæringartexta, rökfærslutexta og skapandi ritun. Kennarar tengja ritunarkennslu gjarnan lestrarsprettum, lestri bókmennta eða greina í dagblöðum/tímaritum og á netinu, fréttum eða viðburðum sem hæst ber í samfélaginu hverju sinni. Taflan hér fyrir neðan sýnir viðfangsefni ritunarþjálfunar í öllum árgöngum skólans.

Ritun	1. bekkur	2.-4. bekkur	5.-6. bekkur	7.-8. bekkur	9.-10. bekkur
Textavinna út frá myndum/hlustun		x	x	x	x
Hugtakakort	x	x	x	x	x
Uppbygging sögu	x	x	x	x	x
Myndasaga	x	x	x	x	x
Skapandi skrif; sögur, ævintýri, ljóð, leikrit...	x	x	x	x	x
Bréf, dagbók, ferðasögur, reynslusögur		x	x	x	x
Ritdómur um bók			x	x	x
Bókmenntatexti			x	x	x
Útdrættir			x	x	x
Endursagnir			x	x	x
Útskýringar og leiðbeiningar			x	x	x
Skýrslur				x	x
Heimildaritun				x	x
Rökfærsluritun				x	x
Gagnrýni					x

3.3 ÞJÁLFUN MÁLS OG LÆSIS Í 1.-6. BEKK

Lögð er áhersla á eftirfarandi þætti í lestrarkennslunni; hljóðkerfisvitund (mest fyrstu tvö skóla-árin), umskráningu, lesfimi, orðaforða og lesskilning. Í neðangreindri töflu fyrir 1.-4. bekk er stuðst við erlend viðmið þar sem byrjað er að undirbúa lestrarkennslu í leikskóla. Smám saman færirst áherslan frá þjálfun hljóðkerfisþátta og umskráningar yfir í lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun, allt eftir því sem lestrarfærni nemenda eflist. Sjá fylgiskjöl í kafla 10.

	Hljóðkerfisvitund	Umskráning	Lesfimi	Orðaforði	Lesskilningur	Ritun
1. bekkur	20%	20%	20%	20%	10%	10%
2. bekkur		10%	30%	10%	30%	20%
3.-4. bekkur			20%	20%	30%	30%

1. BEKKUR

Unnið er að eflingu hljóðkerfisvitundar með hljóðaleikjum og námsspilum ýmiskonar. Þar má m.a. nefna sundurgreiningu orða í atkvæði og hljóð, samtengingu hljóða í orð, rím og að finna fyrsta og síðasta hljóð í nöfnum og hugtökum. Þessi þjálfun hljóðkerfisvitundar fer fram samliða lestrarkennslunni til að efla næmi og móttækileika nemenda fyrir hljóðum bókstafanna. Hér er kjörið að beita aðferðum K-PALS aðferðarinnar, sem er svipuð PALS-lestrarþjálfunaraðferðinni (sjá kafla 3.2.1) en er aðeins ætluð börnum í 1. bekk.

Nýir bókstafir eru lagðir inn með jöfnu millibili yfir veturinn og um leið er byrjað að vinna með hljóð þeirra. Þjálfun í umskráningu hefst um leið og búið er að leggja inn nokkra bókstafi. Þá eru hljóð þeirra tengd saman í tveggja og þriggja stafa orð út frá hljóðaaðferðinni (sjá kafla 3.2.1). Byrjað er á orðum úr reynsluheimi nemenda en síðan farið í almennari orðaforða. Jafnframt er unnið með margvísleg verkefni þar sem lögð er áhersla á málþroska, málskilning og lestrarfærni. Í daglegum yndislestri lesa/skoða nemendur bækur sjálfir auk þess sem kennari les fyrir börnin í ávaxtastund. Munnleg tjáning er þjálfuð daglega í heimakrök. Kennari og nemendur vinna í sameiningu að gerð hugtakakorts á töflu út frá texta sem lesinn hefur verið fyrir hópinn.

Nemendur eiga að lesa heima fimm daga vikunnar og foreldrar kvitta fyrir heimalesturinn. Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna er gríðarlega mikilvæg, enda bera foreldrar ábyrgð á lestrarnámi þeirra til jafns við kennara. Frá áramótum eiga nemendur að byrja að skrifa orð í stílabók samhliða heimalestrinum. Kennari/stuðningsfulltrúi hlustar einnig daglega á raddlestur hvers nemanda í skólanum. Sérkennari skimar hljóðafærni nemenda með Íslenska málahljóðamælinum. Umsjónarkennari gerir bókstafakönnun að hausti og vori og lesskimun að hausti. Þá nýtir hann sér matstæki Menntamálastofnunar, Lesferil, og kannar lesfimi og nefnuhraða nemenda í janúar og maí. Að leiðarljósi eru höfð viðmið Menntamálastofnunar (sjá kafla 3.2.1).

2.-4. BEKKUR

Bókstafakönnun er lögð fyrir 2. bekk strax í upphafi skólaárs og unnið sérstaklega með þá bókstafi og hljóð sem ekki hafa fest sig í sessi í 1. bekk. Fyrsta af þremur lesfimiprófum skólaársins er lagt fyrir í september og er þá metin staða nemenda eftir sumarið. Niðurstöðurnar

eru notaðar til að staðsetja nemendur í lesefni. Lestrarþjálfunin heldur áfram og sjá kennarar nemendum fyrir bókum sem hæfa aldri, þroska og getu hvers og eins. Því til viðbótar mega nemendur velja sér kjörbækur til að lesa sjálfir heima og í daglegum yndislestrarstundum.

Í 2.-4. bekk er vaxandi áhersla á lesskilning þar sem unnið er með hugtök, orðaforða og ályktunarhæfni. Hér nýta kennarar sér aðferðir gagnvirks lestrar og/eða samræðulestrar (sjá kafla 3.2.2). Þjálfuð er samtímis færni í lestri og ritun þannig að nemendur geti lesið einfaldan texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum munnlega eða skriflega tjáningu. Nemendur kynnast mismunandi textategundum, svo sem sögum, ljóðum og fræðitextum. Kennarar með réttindi í PALS-lestrarþjálfunaraðferðinni (sjá kafla 3.2.1) verkstýra tólf vikna samfelldu tímabili í paralestri. Aðferðin eflir jafnt lesfimi sem lesskilning.

Kennsla í stafsetningu, skrift og ritun hefst nú fyrir alvöru. Þannig er unnið að umskráningu í báðar áttir, þ.e. frá bókstaf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til bókstafs (ritun). Nemendur kynnast ritunaráttinni og læra að draga rétt til stafs. Stafsetningarreglur eru kenndar, ein í senn, og nemendur þjálfast í réttitunarverkefnum, námsforritum og skapandi ritun, jafnt með eigin rithönd og í gegnum ritvinnsluforrit í tölvum. Rík áhersla er lögð á markvissa kennslu orðaforða og þegar kennari les fyrir nemendur ræðir hann og útskýrir framandi orð og orðasambönd í textanum. Þannig færast nemendur hægt en örugglega af þrepi grunnorðaforða yfir í millilag (sjá kafla 3.2.2).

Eins og í 1. bekk eiga nemendur að lesa heima fimm daga vikunnar og foreldrar kvitta fyrir heimalesturinn. Öll lestrarframvinda veltur á þessari lestrarþjálfun heima, því eins og í svo mörgu öðru er það æfingin sem skapar meistarann. Nemendur halda áfram að skrifa orð og smám saman heilar setningar í stílabók samhliða heimalestrinum, foreldri fer yfir og lætur barnið endurrita þau orð sem ekki eru rétt stafsett. Kennari/stuðningsfulltrúi hlustar einnig daglega á raddlestur hvers nemanda í skólanum. Nemendur taka þátt í lestrarsprettum skólans sem eru tveir á hverju skólaári. Nemendur 4. bekkjar þjálfa upplestur og framsögn í tengslum við Litlu upplestrarkeppnina sem haldin er á vorönn.

Sérkennari skimar 3. bekk með LOGOS-lestrar-greiningarprófinu og prófar til fulls þá nemendur sem sýna vísbendingar um undirliggjandi hljóðkerfiserfiðleika. Hann skimar jafnframt hljóðafærni nemenda í 2. bekk með Íslenska máhljóðamælinum. Umsjónarkennarar 2.-4. bekkja leggja fyrir lesfimi Menntamálastofnunar þrisvar sinnum á vetri, auk hliðarprófanna sjónræns orðaforða og orðleysuprófsins (sjá viðmið Menntamálastofnunar í kafla 3.2.1). Þeir leggja einnig fyrir nemendur 3. og 4. bekkjar lesskilningsprófið Orðarún tvisvar á vetri. Þá þreyta nemendur í 4. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði.

5.-6. BEKKUR

Í byrjun skólaárs þreyta nemendur sama lesfimiþróf og lagt var fyrir vorið áður og er þá metin staða nemenda eftir sumarið. Niðurstöðurnar eru notaðar til að auðvelda kennurum að finna lesefni við hæfi hvers og eins. Unnið er markvisst með lestrarfærni, frásögn, stafsetningu og

ritun. Þá fléttast lestrarþjálfun og orðaforðakennsla stöðugt meira inn í aðrar námsgreinar og eykur nemendum þekkingu á sérhæfðari orðum úr hugtakaförða hvernar námsgreinar.

Ritunarþátturinn vegur sífellt meir í þjálfun máls og læsis. Ritun leiðir til meiri lesturs, eins og áður sagði, eykur auk þess orðaforða og eflir rökhugun. En ritun krefst skipulags og að nemendur nýti sér þekkingargrunn sinn, reynslu og upplifanir til að koma frásögnum sínum á blað. Aukin áhersla er því lögð á að kenna og þjálfna nemendur markvisst í þeirri fjölbreyttu færni sem ritun krefst. Þetta felur m.a. í sér að kennarinn skoðar með nemendum markmið texta, ólíkar textagerðir, uppbyggingu og framsetningu texta ásamt mismunandi málsnið, þar sem tillit er tekið til tilgangs og viðtakenda texta. Þjálfun í gerð hugtakakorta heldur áfram og ritunarverkefni verða sífellt fjölbreyttari (sjá töflu í kafla 3.2.3).

Með hækkandi aldri nemenda eykst áherslan einnig á lesskilning. Lesskilningur er í raun megintilgangur með öllum lestri, hvort heldur hann er til fræðslu eða ánægju. Hann felur í sér bæði skilning og túlkun lesandans á textanum sem hann les. Nemendur þurfa því að beita rökhugsun og ályktunarhæfni til að innihaldið verði skýrt fyrir þeim. Tjáning í ræðu og riti sýnir einna best hver skilningur nemenda á lestexta er og því eru ritunarverkefni, skoðanaskipti og/eða framsögn gjarnan þjálfuð í beinu framhaldi. Nemendur í 1.-6. bekk þjálfna framsögn fyrir sameiginlegan flutning á leikriti á árshátíð þessara bekkjardeilda.

Gert er ráð fyrir heimalestri fimm daga vikunnar sem fyrr og eiga nemendur að lesa í 15-20 mínútur í senn og foreldrar kvitta fyrir lesturinn. Þá lesa nemendur kjörbækur í yndislestri og utan skólans og vinna fjölbreytileg lesskilnings- og málfræðiverkefni samhliða lestrinum. Nemendur taka þátt í lestrarsprettum skólans sem eru tveir á hverju skólaári. Sérkennari skimar 6. bekk með LOGOS-lestrargreiningarprófinu og prófar til fulls þá nemendur sem sýna vísbendingar um undirliggjandi hljóðkerfiserfiðleika. Umsjónar- eða íslenskukennarar í 5.-6. bekk leggja fyrir lesfímipróf Menntamálastofnunar þrisvar sinnum á vetri (sjá kafla 3.2.1) og hliðarprófin (sjónrænan orðaforða og orðleysuprófið) fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðinu. Þeir leggja einnig fyrir nemendur 5. og 6. bekkjar lesskilningsprófið Orðarún tvisvar á vetri. Kennari eða stuðningsfulltrúi hlustar daglega á raddlestur þeirra nemenda sem ekki ná lágmarksviðmiði Menntamálastofnunar.

3.4 ÞJÁLFUN MÁLS OG LÆSIS Í 7.-10. BEKK

Í 7.-10. bekk dregur úr áherslu á hefðbundna heimalestrarþjálfun og skulu nemendur nú lesa heima að lágmarki þrisvar í viku, fimmtán mínútur í senn. Í staðinn vinna nemendur í síauknum mæli með bókmennta- og námstexta samkvæmt fyrirfram skilgreindum hæfniviðmiðum í hverri námsgrein og þjálfna þannig mismunandi lestrarlag eftir því hvað á best við hverju sinni. Í íslensku lesa nemendur kjörbækur og 2-3 önnur bókmenntaverk sem kennari velur og jafnvel hafa fest sig í sessi í ákveðnum árgöngum. Mikil orðaforðakennsla og ritun tengist þessum námsbóka- og bókmenntalestri og nemendur fá einnig þjálfun og kennslu í gerð heimilda- og

bókmenntaritgerða. Auk þess hljóta þeir þjálfun í skýrslugerð, gagnrýninni ritun og rökfærslutexta. Sjá fylgiskjöl í kafla 10.

Nemendur þessara efstu árganga skólans taka þátt í lestrarsprettum skólans tvisvar sinnum á hverju skólaári til jafns við aðra nemendur. Nemendur 7. bekkjar þjálfra framsögn sérstaklega fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem fram fer á vorönn. Nemendur 8.-10. bekkjar þjálfra framsögn á ýmsan annan hátt, t.d. með flutningi ýmiskonar kynninga í tengslum við verkefni sem þeir hafa unnið í íslensku sem og öðrum námsgreinum. Umsjónar- eða íslenskukennarar leggja lesfimi-próf Menntamálastofnunar (sjá kafla 3.2.1) fyrir alla fjóra árgangana og hliðarprófin (sjónrænan orðaforða og orðleysuprófið) fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðinu. Auk þess taka 7. og 8. bekkingar lesskilningsprófið Orðarún. Þá þreyta nemendur í 7. og 9. bekk samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Í kafla 8 um frávík og íhlutun er fjallað um þau stuðningsúrræði sem boðin eru þeim nemendum skólans sem þess þurfa með. En eins og fram kemur í 2. grein laga um grunnskóla er það eitt meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í því felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins. Því þarf jafnframt að taka sérstakt tillit til bráðgerra nemenda í öllum árgöngum skólans sem ná efstu markmiðum lesfimi-prófa Menntamálastofnunar og eru þ.a.l. komnir lengra á veg í lestrarferlinu en jafnaldrar þeirra. Ætíð skal unnið að eðlilegri námsframvindu nemenda út frá þroska og getu hvers og eins.

4. HLUTVERK FORELDRA / FORRÁÐAMANNA

4.1 ÁBYRGÐ Á LÆSISUPPELDI

„Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla... Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 45).

Lestur er ein flóknasta færni sem barn þarf að ná tökum á í lífinu og um leið ein sú mikilvægasta. Áriðandi er að halda vel utan um lestrarþjálfunina því enginn nær góðri lestrarfærni án markvissrar og reglubundinnar þjálfunar. Hér á því við hið sama og t.d. í tónlistarnámi og íþróttaiðkun; án þjálfunar verða engar framfarir. Lestrarkennslan fer fram í skólanum en lestrarþjálfunin á sér að langmestu leyti stað heima. Læsi barna er þannig samvinnuverkefni heimilis og skóla; foreldrar og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á læsisuppeldi barnanna.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir heimalestrarþjálfuninni og þeim ber að vera virkir þátttakendur í læsisuppeldi barna sinna, eins og skýrt er tekið fram í Mál- og læsisstefnu Flóahrepps. Það felur í sér þátttöku í daglegri lestrarþjálfun barnanna með samveru sem felur í sér jafnt virka hlustun, hvatningu, hrós sem og samtal um textann sem lesinn er (sjá nánar um heimalestur í kafla 4.2 hér fyrir neðan). Ævinlega er gott að minna sig á að lestur eykur orðaforða, orðaforði eflir lesskiling og lesskilningur er grunnur alls náms – auk þess að vera undirstöðupáttur mannréttinda og lykilþáttur í þróun manneskjunnar, eins og UNESCO, menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, bendir á.

Fyrir utan sjálfa lestrarþjálfunina er mikilvægt að skapa jákvætt viðhorf nemenda til lestrar. Velja þarf lesefni sem vekur áhuga þeirra svo að þau upplifi ánægjulega lestrarstund og geri bækur að vinum til framtíðar. Sé lesefnið of þungt eiga börn á hættu að missa móðinn, þau halda að þau geti ekki lesið og gefast þá frekar upp. Algengustu viðmið við þyngd lesefnis til þjálfunar er að nemendur geri ekki fleiri villur en 5-7 orð í 100 orða texta. Miðað er við að lestrarstundin vari að lágmarki 15 mínútur á dag, fimm daga í viku í 1.-6. bekk, en minnst þrisvar vikulega í 7.-10. bekk.

Lestarþjálfuninni skal haldið áfram út allan grunnskólann. Í 1.-6. bekk kvitta foreldrar fyrir heimalestrinum og sjá til þess að nemendur skrifi orð og/eða setningar úr lestextanum í sérstakt lestrarkvittunarhefti eða stílabók sem nemandinn hefur í skólatöskunni og umsjónarkennari fer yfir í vikulok. Markviss skráning á heimalestri nemenda veitir yfirsýn yfir lestrarástundun þeirra, auk þess sem innsýn fæst í skipulag, virkni og viðhorf nemandans til lestrar. Skráning á heimalestri er um leið þáttur í samstarfi heimilis og skóla. Verði misbrestur á heimalestri nemanda hefur umsjónar-kennari samband við foreldra og minnr þá á að axla ábyrgð sína á læsisuppeldi barna sinna. Lestur er ævilöng iðja.

4.2 HEIMALESTRARÞJÁLFUN

Markmið með heimalestri er að börn auki leshraða sinn og efla orðaforða og málskilning. Þegar nemendur lesa heima er mikilvægt að þeir hafi næði og að foreldrar ræði og útskýri textann sem lesinn er, auk þess að útskýra framandi orð og hugtök til að tryggja að barnið hafi skilið það sem það las – eða það sem lesið var fyrir það. Nauðsynlegt er að fullorðinn aðili sitji alltaf hjá nemandanum, fylgist með lestrinum og leiðrétti og láti barnið endurtaka þegar orð eru rangt lesin og hrósi þegar lesið er rétt. Börn sem eiga í erfiðleikum með lestur þurfa að hafa aðgang að hljóðbókum ásamt því að þjálfast lestur í léttlestrarbók. Best er að nota fjölbreyttar aðferðir í þjálfuninni. Hér fyrir neðan eru nokkrar hugmyndir.

SAMLESTUR

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt. Þess þarf að gæta að lestrarhraði hæfi nemandanum og þau orð endurtekin sem nemandinn á erfitt með.

PARALESTUR

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa til skiptis upphátt eina málsgrein (setningu) eða efnisgrein (fram að næstu greinaskilum) og skipta textanum þannig á milli sín. Þá fylgist nemandi með textanum á meðan hann hlustar á upplesturinn og fær fyrirmynd í lestri. Miklu skiptir að sá sem les styðjist við greinarmerki og beiti áherslum og hljómfalli í samræmi við textann.

BERGMÁLSLESTUR

Foreldri/forráðamaður les fyrst eina málsgrein eða efnisgrein og nemandinn fylgir textanum eftir með augunum á meðan. Síðan les nemandinn upphátt sama texta og reynir að líkja eftir upplestrinum, t.d. með því að styðjast við greinarmerki og beita hljómfalli og áherslum í lestrinum.

LEIÐBEINANDI LESTUR OG STUÐNINGUR

Foreldri/forráðamaður les fyrst afmarkaðan texta upphátt fyrir nemandann, t.d. eina efnisgrein, hálfu eða eina blaðsíðu. Nemandinn fær þá fyrirmynd í lestri. Næst les nemandinn lágt eða í hljóði sama texta til að æfa sig og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hrósa nemandanum fyrir það sem hann les vel og hvetja hann áfram.

AÐ HLUSTA OG LESA

Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast endurgjaldslaust á vef Menntamálastofnunar: www.mms.is. Þá eru ýmis námsforrit á sama vef góð til lestrarkennslu- og þjálfunar, á Krakkavef og Unglingavef.

Stuðningur við lestrarnám felst ekki eingöngu í að sitja með barninu og hlusta á það lesa. Mikilvægt er að foreldrar haldi jafnframt áfram að lesa upphátt fyrir börn sín. Velja þarf fjölbreytta texta sem falla að þekkingu, áhuga og þroska þeirra. Þannig fá þau tækifæri til að mynda persónuleg tengsl við textann, auka almenna þekkingu sína, ögra hugsuninni og skapa tilfinningaleg viðbrögð við textanum. Lestur góðra bóka er besta leiðin til að efla orðaforða barna og búa þau undir áframhaldandi skólagöngu.

4.3 FRÆÐSLA, RÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR

Gott samstarf við foreldra og virk þátttaka þeirra í mál- og læsisuppeldi barna sinna hefur bein áhrif á lífsgæði barnanna til framtíðar. Foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir barna sinna og þau börn sem alast upp við jákvætt lestrarhvetjandi umhverfi, sjá foreldra sína lesa og upplifa að bækur og ritmál sé hluti af daglegu umhverfi, læra að njóta lestrar.

Hafa ber í huga að þegar barn hefur nám við skólann kemur kennarinn með sérþekkingu á lestrarferlinu inn í samstarfið og foreldrar koma með reynslu af og þekkingu á barni sínu, auk ástar og umhyggju fyrir velferð þess. Kennarar kenna lestrartæknina en foreldrar bera ábyrgð á lestraruppeldi barna sinna og eru mikilvægustu lestrarþjálfarar þeirra. Hverju foreldri ber því að gefa sér tíma í önnum dagsins til að hlusta á barn sitt lesa og ræða við það um innihald textans.

Að sama skapi ber skólanum að veita foreldrum fræðslu, stuðning og ráðgjöf í þessu mikilvæga hlutverki foreldranna. Hver umsjónarkennari og sérkennari skólans eru ávallt reiðubúnir að svara fyrirspurnum, aðstoða og leiðbeina þeim foreldrum sem til þeirra leita hvað varðar val á lesefni, lestraraðferðir og fyrirkomulag heimalestrarstundanna. Þetta er ekki síst mikilvægt ef um lestrarvanda er að ræða.

Þessu til viðbótar veitir Flóaskóli foreldrum fræðslu á sérstökum kynningarfundum snemma að hausti. Þar eru foreldrar upplýstir um mikilvægi samveru og samtals fyrir málhæfni barna og um gagnsemi snemmtækra íhlutunar þar sem þörf er á. Frætt er um læsi í hefðbundnum og víðari skilningi og um helstu lestrarkennsluáferðir skólans. Sjálf heimalestrarþjálfunin er rædd, bent á ýmsar aðferðir og leiðir og fjallað um hvernig foreldrar geta sem best stutt við nemendur í lestrarnáminu. Farið er yfir lesfímiviðmið Menntamálastofnunar og sýnt hvernig alltaf er stefnt að því að framvindan sé jákvæð, hvar sem nemandinn er staddur í lestrarferlinu. Kynntur er algengur mál- og lestrarvandi og úrræði við þeim. Að lokum eru foreldrar fræddir um skipulag og markmið mál- og lestrarskimana skólans – og hvernig brugðist er við niðurstöðum þeirra með viðeigandi úrræðum.

5. LESTRARMENNING

5.1 LÆSISHVETJANDI UMhverfi

Læsi er lykill að lífsgæðum. Lestur er leið lesanda að samfélaginu auk þess að vera honum til ánægjuauka í lífinu. Ekki hvað síst er lestur undirstaða alls náms. Því þarf að leggja áherslu á að efla jákvætt viðhorf nemenda til lestrar svo að þeir læri að hafa ánægju af lestri og þjálfist í að velja sér lesefni í samræmi við áhuga og getu. Þá er mikilvægt að námsumhverfi barnanna sé notalegt og hvetja til lesturs og ritunar.

Fyrst og fremst þurfa bækur að vera vera aðgengilegar. Þeim þarf að vera stillt þannig upp að þær veki forvitni og áhuga nemenda. Þetta á jafnt við um kennslustofur sem skólabókasafn. Bækurnar þurfa að vera fjölbreytilegar og henta viðkomandi aldri. Sem dæmi má nefna sögu-bækur, teiknimyndasögur, ljóðabækur og fræðibækur. Þannig hafa nemendur tækifæri til að kynnast mismunandi textategundum. Einnig er mikilvægt að gögn til ritunar, skriffæri, blöð og tölvur, séu aðgengileg fyrir nemendur og að ritunarverkefni þeirra séu sýnileg á kennslusvæðinu. Nemendur eiga að geta nýtt sér tölvur, m.a. við lestur, hlustun, ritun og upplýsingaöflun.

Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Fyrir utan læsishvetjandi umhverfi þurfa nemendur á lestrarfyrirmyndum að halda. Það á jafnt við um skóla og heimili. Að sjá kennara sinn lesa, t.a.m. þegar nemendur eru sjálfir að lesa í yndislestrarstundum, og að sjá foreldra grípa bók eða blað og tylla sér við lestur, segir barninu meira en öll heimsins orð um mikilvægi lestrar. Að lokum skal bent á dýrmæti þess að hafa „lestrarömmur og -afa“ til að hlusta á nemendur lesa og ræða innihald textans. Slík lestrarþjálfun er í senn brú milli kynslóðanna og gullin leið til að efla og útvíkka orðaforðann.

5.2 LÆSISHVETJANDI VIÐBURÐIR

LITLA UPPLESTRARKEPPNIN

er haldin árlega fyrir nemendur 4. bekkjar. Markmið hennar er m.a. að þjálfra lestrarfærni nemenda og efla sjálfstraust þeirra. Nemendur fá þjálfun hjá umsjónarkennara sínum í að lesa hátt og skýrt fyrir nemendur og að beita hljómfalli, þögnum og áherslum í samræmi við textann sem fluttur er. Þjálfunin tekur margar vikur og lýkur með lokahátíð í Þjórsárverri í apríl eða maí. Þá er foreldrum, öfum og ömmum boðið að koma og hlusta og horfa á og jafnframt nemendum 3. bekkjar. Viðurkenningar eru veittar fyrir þátttökuna og allir fá sér veitingar saman á eftir.

STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN

er haldin á hverju ári fyrir nemendur í 7. bekk. Meginmarkmið hennar er að fá alla nemendur til að lesa upp á vandaðan hátt, sjálfum sér og öðrum til ánægju, og til að vekja athygli og áhuga í skólum á góðum upplestri og framsögn. Fagreinakennari skólans í íslensku þjálfar nemendur í vönduðum lestri og framburði, ásamt túlkun á innihaldi textans. Lesandinn þarf að geta lesið í hendingum og haldið tengslum við áhorfendur í salnum. Undirbúningur hefst í byrjun vorannar

og fer keppnin fram í mars að viðstöddum foreldrum og nemendum 5.-6. bekkjar. Sérstök þriggja manna dómnefnd er skipuð og velur hún tvo nemendur (og einn til vara) til að keppa fyrir hönd skólans í lokakeppninni sem fram fer um mánuði síðar. Viðurkenningar og veitingar eru veittar í lok keppinnar.

FRAMSÖGN Í LOK LESTRARSPRETTA

Við lok lestrarsprettu kynna nemendur eina af bókunum sem þeir lásu. Þeir segja hver titill og höfundur bókarinnar er og draga saman helstu atriði bókarinnar. Að lokum leggja þeir mat á bókina. Bekkjarfélagar hlusta á virkan hátt á meðan og mega spyrja nánar út í bókina að kynningu lokinni. Á yngri stigum eru kynningarnar stuttar og laggóðar en eftir því sem ofar dregur aukast kröfur um skýra og vel uppbyggða framsögn, tengsl við hlustendur, góða líkamsstöðu og raddbeitingu. Þá þurfa nemendur að rökstyðja umsögn sína með dæmum úr bókinni.

UPPÁHALDSBÓK

Nemendur í hverri bekkjardeild fyrir sig segja frá upphaldsbók sinni (hingað til). Kennarar taka þátt og segja frá upphaldsbók æsku sinnar. Foreldrum er einnig boðið að taka þátt og koma og segja frá sínum upphaldsbókum. Þennan viðburð má síðan útvíkka með því að tvær bekkjardeildir hittast og nemendur segja aftur frá upphaldsbókinni sinni, nú með fleiri áheyrendum og þá er kennari búinn að leiðbeina hverjum nemanda með þá þætti sem hann getur bætt í kynningunni, jafnt efnistöð sem framsögn.

KYNNING Á VALBÓK

Nemendur í 5.-10. bekk kynna munnlega hver fyrir öðrum innan bekkjarins bók sem þeir hafa valið og lesið heima. Þeir fá ákveðna punkta varðandi efnistöð frá kennara sem þurfa að koma fram í kynningunni, svo sem titill og höfundur bókarinnar, helstu atriði sögunnar í fáeinum málsgreinum, helstu persónur og loks rökstutt mat á upplifun af bókinni. Samtímis æfa nemendur sig í H-S-H atriðunum í flutningi kynningarinnar, þ.e. að tala hátt, skýrt og hægt. Einnig huga þeir að líkamsstillingu og að halda sambandi við áheyrendur.

KYNNING Á HÖFUNDI

Nemendur 7.-10. bekkjar velja sér rithöfund eða skáld í samvinnu við íslenskukennara og lesa úr nokkrum verka hans. Þeir byrja á að skrifa stutta heimildaritgerð um höfundinn undir leiðsögn íslenskukennara og taka síðan saman helstu atriði ritgerðarinnar í kynningu sem þeir flytja síðan munnlega fyrir aðra nemendur í 7.-10. bekk.

HEIMSÓKN Á BÆJARBÓKASAFNIÐ

Einu sinni til tvisvar á hverju skólaári fer hver bekkur skólans með umsjónarkennara sínum (eða íslenskukennara) í heimsókn á Bókasafn Árborgar á Selfossi. Beðið er fyrirfram um leiðsögn starfsmanns um safnið og nemendum síðan veitt frelsi til að skoða það sem þeim finnst áhugaverðast. Endað er á lestrarstund í leskrók safnsins þar sem kennari les fyrir hópinn.

LESTRARVINIR

Yngri og eldri nemendur í vinabekkjum eru tengdir saman. Þeir hittast tvisvar sinnum á hvorri önn og lesa hvor fyrir annan og ræða innihald textans og skoðanir á því.

SUMARLESTUR

Umsjónar- og íslenskukennarar skólans finna á hverju vori aðferð eða leið til að efla sumarlestur nemenda. Menntamálastofnun, ýmis bókasöfn og fleiri aðilar hafa búið til slíka sumarleiki. Kennarar hvetja nemendur til að taka þátt í þeim og biðja foreldra jafnframt um að hvetja börn sín til sumarátaks – og að sýna þeim stuðning með því að spyrja þá reglulega út í lesturinn. Þegar skólinn hefst að nýju er sumarlesturinn ræddur í íslenskutíma og nemendur fá að segja frá einhverri skemmtilegri lestrarreynslu.

5.3 LESTRARSPRETTIR

Tvisvar á vetri, einu sinni á hvorri önn, eru lestrarsprettir í Flóaskóla. Hvor þeirra stendur yfir í einn mánuð. Markmiðið með lestrarsprettunum er þríþætt; að auka áhuga nemenda á yndislestri, að efla lesfimi þeirra og lesskilning. Þegar lestrarsprettur stendur yfir er áhersla lögð á að allt skólasamfélagið taki þátt. Allir nemendur skólans fá afhent hefti í byrjun sprettsins sem foreldrar kvitta fyrir fjölda lesinna blaðsíðna á dag. Foreldrar eru hvattir til að styðja og hvetja barn sitt í daglegum lestri og eins lesa börnin daglega í skólanum þennan mánuð. Kennarar ákveða þema og/eða úrvinnslu hvers lestrarsprettis og getur það ýmist verið í formi munnlegra kynninga eða á sviði ritunar eða myndlistar, t.d. í gerð veggspjalda. Mikilvægt er að lesturinn sé gerður sýnilegur á veggjum skólans, sbr. kafli 5.1 um læsishvetjandi umhverfi hér ofar. Sjá einnig fylgiskjöl í kafla 10 þar sem m.a. má finna hugmyndir að úrvinnslu í lok lestrarsprettis.

5.4 SKÓLABÓKASAFN

Skólabókasafnið leikur stórt hlutverk í allri lestrarmenningu. Markmið safnsins er að örva lestraráhuga nemenda og veita nemendum og starfsfólki greiðan aðgang að lesefni, upplýsingum og heimildum. Nemendum er kennt að umgangast safnið og safnkostinn og þeir kynnast þeim möguleikum sem safnið býður upp á.

Á skólabókasafnið koma nemendur úr yngstu árgöngum skólans til að þjálfast lestur. Þeir fá einnig aðstoð við að velja bækur til heimalestrarþjálfunar sem hæfa getu þeirra og áhugasviði. Eftir síðustu kennslustund dagsins gefst yngri nemendum kostur á að taka þátt í sögustund þar sem lesin er fyrir þau bók eða bókarkafli. Þá skipuleggja umsjónar- og/eða íslenskukennarar í 1.-6. bekk lestrarhvetjandi viðfangsefni út frá mismunandi áhugasviðum og þeim fyrir nemendur þessara árganga, fara með hópana á skólabókasafnið og hjálpa þeim að finna bækur sem tengist á einhvern hátt viðkomandi sviði.

Allir nemendur skólans finna sér bækur á skólabókasafninu til að lesa í lestrarsprettum og fyrir ýmis önnur verkefni í Íslenskunáminu, t.d. kynningu á valbók eða rithöfundum og skáldum. Skólabókasafnið stendur einnig fyrir ýmiskonar bókakynningum og heldur stöðugt áfram að útfæra nýjar hugmyndir á því sviði:

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

Í desember koma nemendur í 3.-10. bekk á bókasafnið og fá kynningu á nýjustu barna- og unglingabókunum, auk valinna „fullorðinsbóka“ sem höfðað gætu til elstu nemenda skólans. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans og bókasafnsins lesa úr bók sem þeir hafa kynnt sér. Einnig velur íslenskukennari 7. bekkjar eina nýútkomna barnabók og fær nemendur 7. bekkjar til að lesa úr henni fyrir yngri nemendur og er það liður í þjálfun þeirra fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

HRAÐSTEFNUMÓT VIÐ BÆKUR

Bæði starfsmenn og nemendur Flóaskóla geta tekið þátt í leik sem kallast „Hraðstefnumót við bækur“. Hann felst í því að einn bekkur í senn fer á safnið og hver þátttakandi tekur af handahófi eina bók í senn sem hann blaðar í og les úr í samtals þrjár mínútur. Síðan merkir hann við á þar til gerðu eyðublaði hvernig honum hafi litist á bókina og hvort hann hafi hug á að lesa hana. Síðan tekur hann aðra bók og fer eins að. Í einni kennslustund nær hver nemandi þannig að skoða og merkja við 8-12 bækur.

HÖFUNDA- OG BÓKAKYNNINGAR

Nemendur þeirra bekkjardeilda Flóaskóla sem unnið hafa kynningarspjöld um höfunda hengja þau upp í skólabókasafninu. Íslenskukennarar annarra bekkjardeilda fara með sína hópa á safnið og fara yfir kynningarnar og lesa úr einni af bókum viðkomandi höfundar fyrir bekkinn. Einnig má fá höfunda kynningarspjaldanna til að koma og kynna spjöld sín fyrir yngri nemendum.

6. FJÖLTYNGI, LÆSI OG FJÖLMENNING

6.1 FJÖLTYNGI OG LESTUR

Í grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt sérstakri móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags (sjá nánar á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>). Móttökuáætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni sem og færni á öðrum námssviðum. Þessum nemendum og foreldrum þeirra er þannig tryggð ráðgjöf og aðgangur að upplýsingum um skólastarfið. Túlkur er ráðinn ef þörf krefur. Ákveðið er hvernig best er að haga áframhaldandi samskiptum milli heimilis og skóla. Námsstaða nemenda er kortlögð og viðmið sett í lestri og ritun út frá því. Lestrarstuðningur er settur inn og á hann að tryggja að nemendurnir hafi möguleika á að ná settum viðmiðum.

Niðurstöður rannsókna sýna að betra er að nemendur með annað móðurmál en íslensku læri fyrst að lesa á sínu móðurmáli, sé þess nokkur kostur. Síðan yfirfæra þeir lestrarþekkingu sína yfir á lestur á íslensku. Sumir þurfa að hafa talsvert fyrir því að læra íslenska bókstafi og hljóð. Þar getur skyldleiki fyrsta og annars tungumáls ráðið miklu en einnig hvort og þá hve mikil íslenska er töluð á heimilinu. Lestrarferlið getur þannig reynst mörgum fjöltyngdum nemendum flókið. Grundvallaratriði er að velja texta við hæfi hvers nemanda og tengdur reynslu hans eða áhugasviði. Þar sem orðaforði og málskilningur hefur áhrif jafnt á lestur sem lesskilning er mikilvægt að efla orðaforða og hugtakaskilning fjöltyngdra nemenda, bæði í íslensku og í gegnum námsefni hvernar námsgreinar. Mikilvægt er að umsjónar- og íslenskukennarar séu í góðu samstarfi við foreldra og leiðbeini þeim varðandi lestrarnámið og heimalestrarþjálfunina.

6.2 ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL OG VIRKT TVÍTYNGI

Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) hafa ólíkan bakgrunn og mismikinn grunn í eigin móðurmáli. Þá eru sumir eru nýfluttir til landsins en aðrir eru fæddir á Íslandi. Þeir eru því misvel undirbúnir að takast á við nýtt tungumál. Kennsla í ÍSAT tekur mið af aldri, þroska og þörfum hvers nemanda. Gengið er út frá reynslu nemenda, menningarlegum bakgrunni og námslegri stöðu. Nemendur sem nýfluttir eru til landsins eru *byrjendur* og þurfa að fá markvissa sérkennslu í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) í lengri eða skemmri tíma. Áhersla er lögð á bókstafi og hljóð, lestur, ritun, framburð og uppbyggingu íslensks máls, auk þess sem unnið er að eflingu orðaforða, mál- og lesskilnings. Samkvæmt rannsóknum tekur það um 1-2 ár fyrir börn að ná tókum á félagslegu samskiptamáli í íslensku en 4-7 ár að ná tókum á skólaorðaforða. Magn og gæði íslenskunnar í málumhverfi þeirra hefur áhrif á það hversu vel tekst til.

Brýnt er að byrjendur í ÍSAT fylgi bekkjarfélögum í námi í sem flestum greinum skólans og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Áhersla er lögð á að þeir vinni sem mest með íslenskumælandi nemendum. Íslenskunámið á þannig að vera samtvinnað námi á öllum námssviðum skólans (Aðalnámskrá grunnskóla: 106-107). Læstingt námsefni er aðlagð færni nemenda og þeim

kennd ný hugtök út frá efnistöfum og orðaforða hvernar námsgreinar. Nemendur fá kynningu á þeim stuðningsúrræðum sem í boði eru og þeir eru hvattir til að nýta sér hljóðbækur, spjaldtölvur og Google translate. Á vefnum www.tungumalatorg.is má finna ýmis verkefni í ÍSAT. Þeir nemendur sem eru *lengra komnir* í íslenskunáminu þurfa ekki sérkennslu í ÍSAT en hins vegar stöðuga orðaforðakennslu, aðstoð við lesskilning og aðlagð námsefni eftir þörfum.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á að aðildarríki tryggi möguleika barna til að viðhalda móðurmáli sínu og að þau fái tækifæri til að nota það í samfélagi með öðrum (Barnasáttmálinn, grein 30). Samhliða íslenskunáminu þarf því að hlúa að og rækta móðurmálið. Virkt tvítyngi (e. active bilingualism) felur í sér *málviðbót*, þ.e. að seinna málinu er bætt við móðurmálið en það verða ekki *málskipti* — nýja málið kemur ekki í stað móðurmálsins. Rannsóknir sýna að málviðbót eða virkt tvítyngi styrki og hafi jákvæð áhrif á námsárangur, á meðan málskipti hafi neikvæð áhrif, m.a. í tengslarofi við foreldra og upprunamenningu.

Virkt tvítyngi er því mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla. Í skólanum fá nemendur sérstaka bók sem þeir skrifa í íslensk orð og hugtök og finna með aðstoð foreldra sinna orðið á móðurmáli sínu og skrifa það við hliðina. Foreldrum er bent á ýmis samtök þar sem boðið er upp á samstarf um móðurmál barna og ungmenna, m.a. Tungumálaverið, samtökin Móðurmál og Pólska skólann. Þá eru foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín á móðurmálinu, jafnframt því að styðja við heimanám þeirra. Fjölskyldan gegnir þannig veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku tvítyngi.

6.3 FJÖLMENNING

Íslenskt samfélag hefur á undanförunum árum breyst frá því að vera tiltölulega einsleitt yfir í það fjölmenningsamfélag sem við erum nú hluti af. Meginmarkmið skólustarfsins er að skapa þá þekkingu, færni og viðhorf sem gerir börnum og ungmönnum kleift að ná félagslegum og námslegum árangri, verða öflugir þátttakendur í íslensku samfélagi og öðlast virðingu fyrir eigin menningu og annarra. Tillit er tekið til félagslegrar stöðu, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, tungumáls, aldurs, heilsufars og færni hvers og eins. Með því að virða ólíkan bakgrunn og menningu nemenda er litið svo á að öll menning sé „fjölmening“ (Heimurinn er hér: 7-8). Því fleiri tungumál sem töluð eru í skólanum, þeim mun brýnna er að fjölmeningin birtist í starfsháttum og umhverfi skólans.

6.3.1 Fjölmenningslegir starfshættir

Kennarar allra árganga beita fjölmenningslegum kennslu- og starfsháttum með því að:

1. Efla skólaorðaforða nemenda með því að kynna (munnlega og skriflega ef hægt er) 5-10 fræðihugtök úr námsefninu sem vinna á með í upphafi hvernar kennslustundar.
2. Efla almennan orðaforða nemenda með því að láta þá búa til tvítyngisbækur með myndum og

- texta á íslensku og fleiri tungumálum, m.a. á móðurmáli tví- eða fjöltyngdra nemenda.
3. Kynna eitt nýtt orð á dag á tungumálunum sem töluð eru í hópnum, kanna t.d. hvernig ný orð sem verið er að læra á íslensku hljóma á öðrum tungumálum, jafnvel skrifa þau á veggspjald.
 4. Vinna með „Orðabrennu vikunnar“ þar sem valin eru þrjú orð/hugtök á viku sem tengjast námsefni/þemum skólans eða fréttum og viðburðum í samfélaginu hverju sinni.
 5. Beita fjölmennningarlegum aðferðum fyrir fjölbreytilega hópa, m.a.:
 - a) *SAFN-aðferðin* eða „Samvinnunám í fjölbreyttum nemendahópi“ (e. CLIM) stefnir að hámarksvirkni hjá nemendahópnum og öllum er veittur jafn aðgangur að lærdómsferlinu. Nemendur eru þjálfaðir í talmáli og samskiptahæfni, allir fá mismunandi hlutverk og ábyrgð í hópstarfinu, enda hefur hver og einn eitthvað til brunnis að bera sem nýtist hópnum í heild. (Sjá nánar: https://vefir.mms.is/klb/vinir_nyjulandi.pdf)
 - b) *Fjölpæpanám* (e. multilevel learning). Unnið er út frá heildarmyndinni og valin 3-4 grunnatriði sem allir þurfa að tileinka sér til þess að öðlast grundvallarþekkingu, færni og skilning.
 - c) *Menningarmót*. Verkefnið „Fljúgandi teppi“ er þverfagleg kennsluáæfing, hugsuð til þess að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytni ólíkra menningarheima og bakgrunn allra í nemendahópnum. Verkefnið „Rætur og vængir“ er aðferð við tungumálakennslu, jafnt í móðurmáli sem íslensku sem öðru máli. Sjá nánar um verkefnið á vefsíðunni: www.tungumalatorg.is.
 6. Vinna með fjölbreytt tungumál í kennslutundum, en það eykur meðvitund allra um tungumál (e. metalinguistic awareness). Sú þekking kemur öllum til góða, jafnt í tungumálanámi og samskiptum.
 7. Kynna, lesa og ræða bókmenntir sem veita innsýn í aðra menningarheima.
 8. Auðvelda tví- og fjöltyngdum nemendum aðgang að orðabókum á netinu og bókum og öðrum textum á sínum móðurmáli, t.d. á netinu, svo að þau geti sótt sér viðbótarfróðleik á sínum forsendum til að dýpka skilning sinn á því sem þeir eru að læra um á íslensku.
 9. Nýta fjölbreytileika nemenda- og foreldrahópa sem styrkleika í starfi þar sem andrúmsloft, samskipti og aðferðir í vinnu og kennslu einkennast af næmi fyrir ólíkum þörfum, menningu og reynslu. Bjóða t.d. foreldrum að koma og kynna tungumál og menningu frá sínu landi.

6.3.2 Fjölmennningarlegt umhverfi

Allir starfsmenn skólans hjálpast að við að gera umhverfið fjölmennningarlegt þannig að sérhver nemandi finni að hann sé velkominn. Þetta á jafnt við um skólastofur sem og opin rými. Með ríku ímyndunarafla má endalaust finna nýjar leiðir en hér eru nokkrar hugmyndir:

1. Í anddyri skólans má hengja upp veggspjöld með heilsu/kveðju/ávarpi á öllum tungumálum skólans, t.d. „Góðan daginn!“, „Verið velkominn!“, „Takk fyrir daginn!“, „Hafðu það gott!“ og „Sjáumst síðar!“.
2. Við bókasafnið er við hæfi að hengja upp hvatningar tengdar bókum og bóklestri á öllum tungumálunum sem töluð eru í skólanum.
3. Í opnu rými mætti hengja upp einn fána fyrir hvert land sem nemendur skólans koma frá. Nemendur gætu gert fánana sjálfir.
4. Á heimskort sem hangir á vegg í opnu rými mætti festa teiknibólur á þau lönd sem nemendur og starfsmenn skólans koma frá.

5. Í kennslustofum geta nemendur skrifað íslensk orð á miða og festi við húsgögn og muni til að auðvelda nýjum fjöltyngdum nemanda að læra íslensku.
6. Nemendur útbúa og hengja upp mismunandi veggspjöld í kennslustofur sínar, t.d. með orðum um fjölskylduna, tilfinningar eða áhugamál á öllum tungumálum nemenda bekkjarins.
7. Framkvæma árlega verkefnið „Fljúgandi teppi“ – stefnumót milli ólíkra menninga. Þá koma nemendur og starfsmenn með tvo til þrjá hluti með sér að heiman (sem hafa mikla þýðingu fyrir þá eða varpa á einhvern hátt ljósi á þá sjálfa og menningu þeirra) og raða á borð. Nemendur og gestir ganga á milli borða og skoða og hlýða á frásögn um hlutina.
8. Hlusta á/syngja tónlist frá menningarsvæðum allra nemenda skólans.

7. MATSTÆKI, VERKFERLAR OG VIÐMIÐ

7.1 SKIMANIR OG PRÓF Í 1.-10. BEKK

Tilgangur matstækja og árangursmælinga er að fylgjast með og upplýsa um stöðu og framvindu nemenda í lestri og lestrartengdum þáttum svo að unnt sé að leggja mat á næstu skref í náminu og beita vel skipulagðri og árangursmiðaðri kennslu. Árgangaskimunum er ætlað að veita upplýsingar um stöðu nemenda í tilteknum þætti máls og læsis, samanburð milli hópa/tímabila og síðast en ekki síst að finna þá nemendur sem skera sig úr á einhvern hátt m.t.t. þekkingar, færni og viðhorfs. Mikilvægt er að upplýsa foreldra í kjölfar skimana ef um frávik eða of hæga framvindu er að ræða. Markviss viðbrögð kennara og foreldra geta skipt sköpum í námi barna og þurfa að eiga sér stað um leið og grunur vaknar um erfiðleika í lestrarnáminu. Töflurnar hér fyrir neðan sýna matstæki og verkferla tengda máli og læsi hvers árgangs Flóaskóla.

Bekkur	Matstæki	Áhersluþættir	Fyrirlögn	Tímasetning
1. b.	Lesferill	Bókstafakönnun – tákn & hljóð	Umsjónarkennari	Sept.
1. b.	Lesferill	Lesskimun	Umsjónarkennari	Okt.
1. b.	Ísl. máhljóðamælirinn	Íslensku máhljóðin – skimun	Sérkennari	Nóv.
1. b.	Lesferill	Lesfimi	Umsjónarkennari	Jan. & maí
1. b.	Lesferill	Orðleysulestur, Sjónrænn orðaforði & Nefnuhraði	Umsjónarkennari	Feb.
1. b.	Lesferill	Bókstafakönnun (bera saman við sept.)	Umsjónarkennari	Apr.

2. b.	Bókstafakönnun	Tákn & hljóð	Umsjónarkennari	Sept.
2. b.	Lesferill	Lesfimi	Umsjónarkennari	Sept., jan. & maí
2. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennari	Okt. & feb.
2. b.	Ísl. máhljóðamælirinn	Íslensku máhljóðin – skimun	Sérkennari	Feb.
2. b.	Bókstafakönnun	Tákn & hljóð	Umsjónarkennari	Apr.
2. b.	Lesferill	Lesmál; umskráning, réttitun, lesskilningur	Umsjónarkennari	Apr.

3. b.	Lesferill	Lesfimi	Umsjónarkennari	Sept., jan. & maí
3. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennari	Okt.
3. b.	Orðarún	Hugtaka- og lesskilningur	Umsjónarkennari	Okt. & apr.
3. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Umsjónarkennari	Nóv.
3. b.	LOGOS-skimun (undir 3. lesfimiviðmiði)	Umskráning, lesfimi, hlustunar- og lesskilningur, hugtakaskilningur, stafsetning	Sérkennari	Feb.
3. b.	LOGOS-lestrargreining	Lestrargreining fyrir áhættuhóp í skimun að fengnu samþykki foreldra	Umsjónarkennari	Feb.
3. b.	Framsögn	Munnleg kynning á unnu verkefni	Umsjónarkennari	Mars

Bekkur	Matstæki	Aherslupættir	Fyrirlögn	Tímasetning
4. b.	Lesferill	Lesfimi	Umsjónarkennari	Sept., jan. & maí
4. b.	Samræmt próf í íslensku	Lesskilningur, orðaforði og málnotkun	Umsjónarkennari	Sept.
4. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Umsjónarkennari	Okt. & feb.
4. b.	Orðarún	Hugtaka- og lesskilningur	Umsjónarkennari	Okt. & apr.
4. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Umsjónarkennari	Nóv.
4. b.	Litla upplestrarkeppnin	Upplestur og framsögn	Umsjónarkennari	Mars

5. b.	Lesferill	Lesfimi	Umsj.-/ísl.kennari	Sept., jan. & maí
5. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Umsj.-/ísl.kennari	Okt. & feb.
5. b.	Orðarún	Hugtaka- og lesskilningur	Umsj.-/ísl.kennari	Okt. & apr.
5. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Umsj.-/ísl.kennari	Nóv.
5. b.	Framsögn	Upplestur og tjáning	Umsj.-/ísl.kennari	Mars

6. b.	Lesferill	Lesfimi	Umsj.-/ísl.kennari	Sept., jan. & maí
6. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Umsj.-/ísl.kennari	Okt. & feb.
6. b.	Orðarún	Hugtaka- og lesskilningur	Umsj.-/ísl.kennari	Okt. & apr.
6. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Umsj.-/ísl.kennari	Nóv.
6. b.	Framsögn	Upplestur og tjáning	Umsj.-/ísl.kennari	Mars
6. b.	LOGOS-skimun (undir 3. lesfimi viðmiði)	Umskráning, lesfimi, hlustunar- og lesskilningur, hugtakaskilningur, stafsetning	Sérkennari	Apr.
6. b.	LOGOS-lestrargreining	Lestrargreining fyrir áhættuhóp í skimun að fengnu samþykki foreldra	Sérkennari	Apr.

7. b.	Lesferill	Lesfimi	Íslenskukennari	Sept., jan. & maí
7. b.	Samræmt próf í íslensku	Lesskilningur, orðaforði og málnotkun	Íslenskukennari	Sept.
7. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Íslenskukennari	Okt. & feb.
7. b.	Orðarún	Hugtaka- og lesskilningur	Íslenskukennari	Okt. & apr.
7. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Íslenskukennari	Nóv.
7. b.	Stóra upplestrarkeppnin	Upplestur og framsögn	Íslenskukennari	Feb.

8. b.	Lesferill	Lesfimi	Íslenskukennari	Sept., jan. & maí
8. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Íslenskukennari	Okt. & feb.
8. b.	Orðarún	Hugtaka- og lesskilningur	Íslenskukennari	Okt. & apr.
8. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Íslenskukennari	Nóv.
8. b.	Framsögn	Rökstudd umfjöllun um valfrjálsa bók	Íslenskukennari	Mars

9. b.	Lesferill	Lesfimi	Íslenskukennari	Sept., jan. & maí
9. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Íslenskukennari	Okt. & feb.
9. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Íslenskukennari	Nóv.
9. b.	LOGOS-skimun (undir 3. lesfimi viðmiði)	Umskráning, lesfimi, hlustunar- og lesskilningur, hugtakaskilningur, stafsetning	Sérkennari	Nóv.
9. b.	LOGOS-lestrargreining	Lestrargreining fyrir áhættuhóp í skimun að fengnu samþykki foreldra	Sérkennari	Nóv.
9. b.	Samræmt próf í íslensku	Lesskilningur, orðaforði og málnotkun	Íslenskukennari	Mars
9. b.	Framsögn	Rökstudd umfjöllun um samfélagslegt málefni	Íslenskukennari	Apríl

10. b.	Lesferill	Lesfimi	Íslenskukennari	Sept., jan. & maí
10. b.	Lesferill	Orðleysulestur & Sjónrænn orðaforði fyrir nem. undir 1. viðmiði lesfimiþrófsins	Íslenskukennari	Okt. & feb.
10. b.	Lesferill	Orðalykill; orðaforði (fyrir hóp eða einstakl.)	Íslenskukennari	Nóv.
10. b.	Framsögn	Rökstudd umfjöllun um alþjóðlegt málefni	Íslenskukennari	Apríl

7.2 LESFERILL MENNTAMÁLASTOFNUNAR

7.2.1 Lesferill og lesfimi viðmið

Lesferill er yfirheiti á nýju matstæki frá læsisteymi Menntamálastofnunar. Lesferill er þannig flokkur stöðuprófa og skimana sem ætlað er að meta grunnþætti læsis, svo sem lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða, nefnuhraða og málskilning.

LESFIMI

Lesfimiþrófin eru grunnþrófin en síðan eru svonefnd „hliðarpróf“, sem meta þætti sem tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Lesfimi felst í leshraða, lestrarnákvæmni (að lesa rétt), áherslum og hrynjandi í lestri og er mæld sem fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Lesfimi er prófuð þrisvar árlega í öllum árgöngum. Unnið er úr niðurstöðum rafrænt í gagnagrunni Menntamálastofnunar og niðurstöður skráðar í Skólagátt og Mentor. Verkefnastjóri stoðþjónustu og umsjónarkennari hvers bekkjar fara sameiginlega yfir niðurstöður og fylgjast grannt með

framvindu nemenda. Viðbragðsáætlun skólans er þrjúþætt í samræmi við viðmið Menntamálastofnunar; viðmið 1 þýðir að aðhald er aukið, viðmið 2 kallar á væg inngríp og viðmið 3 víðtæk inngríp. Nánar er fjallað um íhlutun í kafla 8.2.

Viðmið MMS: rétt lesin orð á mín. í lok skólaárs	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b	8. b	9. b	10. b
Lágmarksviðmið (90% nemenda ná þeim)	20	40	55	80	90	105	120	130	140	145
Almenn viðmið (50% nemenda ná þeim)	55	85	100	120	140	155	165	180	180	180
Metnaðarfull viðmið (25% nemenda ná þeim)	75	100	120	145	160	175	190	210	210	210

7.2.2 Hliðarpróf Lesferils

Eins og ofar var getið eru svokölluð „hliðarpróf“ önnur próf Menntamálastofnunar sem falla undir Lesferil og meta lestrartækni á annan hátt en lesfímiprófin. Þessi próf eru öll stöðupróf þar sem staða nemandans er metin miðað við jafnaldra á landsvísu. Þau taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Prófin eru notuð eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttáð, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja til að hægt sé að bregðast við með íhlutun. Hér má lesa meira um hvert próf:

LESSKIMUN

Lesskimun er hliðarpróf sem metur hljóðkerfisvitund og stafabekkingu nemenda 1. bekkjar í október. Það er byggt upp á forspárþáttum svo að í byrjun skólagöngu sé hægt að fá mikilvægar og gagnlegar upplýsingar um styrkleika og veikleika nemenda í undirþáttum lestrar. Þetta gefur kennurum möguleika og veitir þeim forskot til að sjá hvaða nemendur eiga á hættu að lenda í lestrarerfiðleikum og skipuleggja öfluga þjálfun og kennslu með þeim út frá stöðu þeirra. Miðað er við að 80% nemenda lendi utan áhættu í prófinu.

LESMÁL

Lesmál er hliðarpróf sem metur lestur og réttitun hjá nemendum í 2. bekk og er staðlað fyrir apríl. Það metur sértæka færniþætti eins og umskráningu og réttitun, auk þess sem það reynir á lesskilning og lestrarhraða. Einn helsti styrkleiki Lesmálsprófsins er að það tekur á ólíkum hliðum lestrar, jafnframt því að vera stutt og einfalt í notkun.

NEFNUHRAÐI

Nefnuhraði felur í sér aðgengi og endurheimt á hljóðrænum upplýsingum, sem skráðar eru með ákveðnum hætti í minninu. Hann er einn af undirþáttum lestrar og er óháður hljóðavitund og bókstafabekkingu. Nefnuhraði er mikilvægur forspárþáttur fyrir lesfimi og getur gefið vísbendingar um dyslexíu (lesblindu). Nefnuhraðaprófið er lagt fyrir alla nemendur 1. bekkjar í febrúar.

ORÐLEYSULESTUR

Orðleysur (stundum kölluð „bullorð“) eru hljóðakeðjur sem búnar eru til úr bókstöfum þar sem hver bókstafur stendur fyrir ákveðið máhljóð. Við smíði orðleysa er þess gætt að þær líkist ekki raunverulegum orðum og þar sem um stök orð er að ræða getur lesandinn hvorki stuðst við merkingarfræðileg né setningarfræðileg atriði. Hins vegar er þess gætt að fylgt sé reglum um íslenskt hljóðkerfi og ritmál. Lestur orðleysa er ein besta aðferðin til að meta hvernig nemandi ræður við að nota hljóðaaðferðina við umskráningu, en hún gerir lesandanum mögulegt að umskrá ný og áður óþekkt orð. Börn með veikleika í hljóðkerfisvitund lenda oft í erfiðleikum í byrjun lestrarnáms og hætt er við því að þau nái illa tökum á umskráningarferlinu. Prófið er lagt fyrir alla nemendur 1.-3. bekkjar en einungis þá nemendur í 4.-10. bekk sem ekki ná 1. lesfimi- viðmiði Menntamálastofnunar.

SJÓNÆNN ORÐAFORÐI

Góð lesfimi, sem einkennist af sjálfvirkum og fyrirhafnarlausum lestri, byggist á því að nemandi hafi náð að koma sér upp öflugum sjónrænum orðaforða. Þegar börn hafa náð öryggi á að umkóða stök tákni í hljóð fara þau að þekkja orð eða orðhluta sem heildir og festa þær í sjónrænu minni. Þannig byggja þau smám saman upp sjónminni á ritháttarmyndir orða, sem gerir að verkum að lesturinn krefst ekki einbeitingar, heldur gerist hann ósjálfrátt, án þess að lesandinn þurfi að beina athyglinni að sjálfri lestrartækninni. Það er því mikilvægt að finna fljótt og örugglega þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með að byggja upp sjónrænan orðaforða og veita þeim viðeigandi þjálfun. Prófið í sjónrænum orðaforða er, eins og Orðleysulestrarprófið, lagt fyrir alla nemendur 1.-3. bekkjar en einungis fyrir þá nemendur í 4.-10. bekk sem ekki ná 1. lesfimiviðmiði Menntamálastofnunar.

7.3 ORÐARÚN

Orðarún er staðlað lesskilningspróf fyrir nemendur í 3.-8. bekk, útgefið af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Tvö próf eru fyrir hvern árgang og eru þau lögð fyrir í október og apríl. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og tíu fjölvalsspurningum sem reyna á orðaforða og hugtakaskilning, lesskilning og ályktunarhæfni. Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi. Nemendur með dyslexíugreiningu eiga rétt á upplestri á textum og spurningum og þreyta prófin þannig sem hlustunarskilning í stað lesskilnings. Þó reynir jafn mikið á orðaforða og hugtakaskilning þeirra. Slakur hugtaka- og lesskilningur þýðir að vinna þarf frekar að beinni orðaforðakennslu og hugtakaskýringum og eiga samtál um lesna texta. Þetta þarf að gera í samvinnu við foreldra. Auk þess er mælt með því að nemandinn hlusti á hljóðbækur til að efla orðaforða sinn og málþroska.

7.4 ÍSLENSKI MÁLHLJÓÐAMÆLIRINN

Íslenski máhljóðamælirinn er nýstárleg lausn í skimunartækni í spjaldtölvu (iPad) sem ætlað er fagaðilum leik- og grunnskóla. Sérkennari leggur prófið fyrir nemendur 1. bekkjar í nóvember. Í forritinu eru innbyggð aldursviðmið og strax kemur í ljós hvort framburður barnsins samsvarar getu jafnaldra í framburði. Bent er á hvaða máhljóð þarf að þjálf sérstaklega, m.a. til að laða fram réttan framburð og hljóðavitund sem mikilvæg er í umskráningarferli fyrir læsi. Þá er ekki síst mikilvægt að vita hvort um máhljóðaraskanir er að ræða. Þá er metið, í samráði við foreldra, hvort vísa þurfi nemanda áfram til talmeinafræðings.

7.5 LOGOS LESTRARGREININGARPRÓFIÐ

LOGOS er staðlað tölvutækt greiningarpróf, grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni, notað til að greina dyslexíu/lesblindu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Um tvo prófaflokka er að ræða; fyrir nemendur í 3.-5. bekk (18 prófbættir) og 6.-10. bekk (15 prófbættir). Forritið reiknar út *virkniviðmið* fyrir hvern prófbátt; samsettan mælikvarða á færni nemenda þar sem tekið er mið jafnt af áreiðanleika eða nákvæmni (fjöldi réttra svara) sem og viðbragðstíma í svörum. Þeir bættir prófsins sem mælast milli 15 og 30 flokkast undir *væga* erfiðleika en prófbættir milli 0 og 15 undir *mikla* erfiðleika. Á þversniði birtast niðurstöður greiningarinnar sem hundraðsröðun miðað við jafnaldra. Hægt er að sjá bæði sterkar og veikar hliðar hvers nemanda. Sérkennari eða aðrir þeir sem hafa réttindi til að nota LOGOS-forritið leggja skimanirnar og greiningarnar fyrir nemendur.

Forritið er notað sem *skimunartæki* fyrir alla nemendur í 3., 6. og 9. bekk sem ekki hafa náð efsta lesfímiviðmiði Menntamálastofnunar fyrir sinn árgang. Þá eru lagðir fyrir prófbættir 1, 4 og 5 en þeir greina lestur og lesskilning, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti. Komi fram vísbendingar um undirliggjandi hljóðkerfisörðugleika er prófið lagt fyrir nemandann, að fengnu leyfi foreldra, sem *greiningartæki*. Með prófinu er í senn lögð áhersla á snemmtæka íhlutun (eftir prófun í 3. bekk) og viðeigandi kennslufræðileg úrræði (eftir prófun í 6. og 9. bekk). Komi upp áhyggjur af lestrarframvindu nemanda í öðrum árgöngum (nema 1. og 2. bekk) fer hann í LOGOS-lestrargreiningu hjá sérkennara – að tilskyldu leyfi foreldra.

7.6 SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF Í ÍSLENSKU

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 skal leggja samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir nemendur 4. og 7. bekkjar í sept. ár hvert og 9. bekkjar í mars. Tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara og fræðsluyfirvalda. Þannig er t.d. hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta beri áherslum í námi og hvað þurfi að bæta. Nemandi, foreldrar og kennarar geta þannig notað niðurstöður prófsins til að ígrunda frekari áherslur í námi og kennslu í framhaldinu.

Samræmdu prófin eru rafræn og því eru þau alfarið tekin á tölvu á fyrirfram ákveðnum degi í skóla nemandans. Þau reyna á ólíka kunnáttu, leikni og hæfni nemenda. Ástæða er til að minna á að samræmd könnunarpróf eru aðeins lítil hluti af því heildarnámsmati sem fram fer í skólum. Mikilvægt er að nálgast prófin með því hugarfari. Í framtíðinni er stefnt að því að gera prófin einstaklingsmiðuð þannig að þau lagi sig að getu hvers og eins. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir vinna skólastjórnendur, verkefnastjóri stoðþjónustu, íslenskukennari og/eða viðkomandi umsjónarkennari að viðeigandi áætlun um stuðning og önnur úrræði fyrir þá nemendur sem þess þurfa með. Þetta er ævinlega gert í samvinnu við foreldra.

8. FRÁVIK OG ÍHLUTUN

8.1 LESTRERERFIÐLEIKAR

8.1.1 Innri og ytri þættir

Lestrarferfiðleikar er yfirhugtak sem vísar til vandamála í lestri, hverjar sem orsakirnar eru. Þótt flest börn eigi að geta lært að lesa er talið að 15-20% grunnskólanemenda eigi í lestrarerfiðleikum. Af þeim eru um 85% með sértæka lestrarerfiðleika, einnig kallað lestrarröskun. Helstu einkenni eru erfiðleikar með nákvæman, sjálfvirkan lestur auk slakrar færni í umskráningu og stafsetningu. Til að nemandi geti orðið góður lesari þarf hann að búa yfir góðri hljóðavitund ásamt góðum málskilningi og lesfimi.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að lestrarerfiðleikar eru samspil innri og ytri þátta. *Innri þættir* eru líffræðilegir og tengjast þroska barnsins. Sem dæmi má nefna að frávik barna í málþroska geta birst í öllum þáttum tungumálsins eins og takmörkuðum orðaforða, slökum málskilningi og erfiðleikum með beygingarfræði, hljóðkerfisvitund og framburð. Þetta birist bæði í lestri og stafsetningu. *Ytri þættir* eru ýmist frumorsök fyrir lestrarerfiðleikum nemandans eða afleidd orsök. Sé örvun frá umhverfinu ónóg getur það hindrað nemanda í að ná tökum á lestri. Því er mikilvægt að foreldrar og börn njóti samvista og lesi saman. Þannig þjálfast börnin í að hlusta á hljómfall tungumálsins og um leið eflist málþroskinn. Fjallað var um heimalestrarstundir nemenda í köflum 3.3 og 3.4 og í kafla 4.1 um ábyrgð foreldra á læsisupplendi barna sinna.

Einstaka nemendur eiga í tímabundnum erfiðleikum með að tileinka sér lestrarnámið en aðrir til langframa. Í öllum tilfellum er mikilvægt að skólinn bregðist skjótt og markvisst við vandanum í samvinnu við foreldra. Allir þurfa að taka höndum saman, þannig fær nemandinn mestan stuðning. Nú verður fjallað um tvo meginflokk lestrarerfiðleika; sértæka umskráningarerfiðleika og sértæka lesskilningserfiðleikar. Flokkarnir fela í sér ólíkan og í raun andstæðan vanda.

8.1.2 Sértækir umskráningarerfiðleikar (*dyslexía*)

Sértækir umskráningarerfiðleikar, öðru nafni *dyslexía* eða lesblinda, lýsa sér í veikleikum í hljóðkerfisvitund, sem leiðir til vanda við umkóðun stakra orða (e. *single word decoding*) og Nemendur með *dyslexíu* eiga þannig í erfiðleikum með tæknilega hlið lestrarins en geta engu síður haft góðan málskilning. Þó ber að geta þess að einstaklingur sem þarf að verja allri orku sinni og einbeitingu að umkóðuninni á litla orku eftir til að huga að merkingu og túlkun textans. Þessir erfiðleikar eru ekki í neinu samræmi við aldur, námsgetu og vitsmunaproska viðkomandi nemenda. Rannsóknir sýna að um 10-20% einstaklinga eiga í erfiðleikum með lestur og að mikill hluti þeirra erfiðleika orsakast af *dyslexíu*. Mikilvægt er að nemendur með *dyslexíu* nýti sér hljóðbækur sér til ánægju og til að tileinka sér námsefni, svo að þeir dragist ekki aftur úr jafnöldrum sínum í námi. Um leið efla þeir orðaforða sinn og málþroska, þar sem þeir lesa að jafnaði mun minna en aðrir.

Orðið *dyslexía* er komið úr grísku og merkir „erfiðleikar með orð“ (*dys* þýðir erfiðleikar og *lexis* merkir orð). Skilgreining Alþjóðlegu dyslexíu-samtakanna frá árinu 2002 er á þessa leið: Dyslexía er sértækur námsörðugleiki af taugalíffræðilegum uppruna. Einkennin birtast í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í stafsetningu og umskráningu. Erfiðleikana má í flestum tilfellum rekja til vanda við úrvinnslu máhljóða sem er ekki í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og koma fram þrátt fyrir vandaða lestrarkennslu. Dyslexía getur leitt til erfiðleika með lesskilning og ónógrar lestrarreynslu, sem aftur getur komið niður á þróun orðaforða og öflun þekkingar í gegnum lestur.“

8.1.3 Sértækir lesskilningserfiðleikar

Sértækir lesskilningserfiðleikar lýsa sér í slökum málskilningi en góðri umskráningarfærni. Nemendur með sértæka lesskilningserfiðleika eiga þannig ekki í neinum vanda með tæknilega hlið lestrarins en eiga erfitt með að tileinka sér þekkingu og skilning á innihaldi þeirra texta sem þeir lesa. Vandinn er því andstæður þeim sem nemendur með sértæka umskráningarerfiðleika (dyslexíu) standa frammi fyrir.

Rannsóknir hafa sýnt að stór hluti þeirra nemenda á efri skólastigum sem á í erfiðleikum með lestur glímur við sértæka lesskilningserfiðleika, eða um 5-10%. Í þessum hópi eru nemendur með nokkuð góða umskráningu og lesa þannig þrýðilega en hafa hins vegar slakan orðaforða, málfræðiskilning og hlustunarskilning, en bæði hlustunar- og lesskilningur byggja á málskilningi. Þessi nemendahópur á erfitt með að tengja upplýsingar við fyrri reynslu og að fylgjast með og hafa stjórn á lesskilningsferlinu á meðan lesið er eða hlustað á upplýsingar. Hann á einnig erfitt með að átta sig á atburðum og persónum og álykta út frá eigin bakgrunnsþekkingu sem er í senn mikilvægur þáttur læsis og nauðsynlegur til að skilja texta og átta sig á samhenginu. Þess í stað verður skilningurinn yfirborðskennður og lítið nám og þroski á sér stað.

Megintilgangur alls lesturs er að ná að tileinka sér innihald hans, hvort heldur er til gagns eða gamans. Því er mikilvægt að nemendur með dyslexíu og lesskilningserfiðleika nýti sér þær bjargar og stuðning sem í boði eru, jafnt í skóla sem heima við. Hér á eftir verður fjallað um úrræði í skóla.

8.2 SÉRKENNSLA OG STUÐNINGUR

8.2.1 Snemmtæk íhlutun (e. *Early Intervention*)

Eins og taflan yfir matstæki og verkferla í kafla 7.1 sýna er vel fylgst með lestrarframvindu nemenda Flóaskóla. Skimanir og greiningar á málþroska- og lestrarvanda fela í sér ábyrgð skólans til aðgerða, sem eru vægar eða miklar eftir eðli frávika hverju sinni. Öll íhlutun er skipulögð út frá þeim þjörgum sem skólinn hefur yfir að ráða hverju sinni og í samráði við foreldra. Markmiðið er jafnan að leita allra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum lesröskunar á skólagöngu nemenda, jafnt á nám þeirra sem félagslega stöðu og tilfinningalega líðan.

Mikilvægt er að hafa í huga að börn eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við lestrarnám við upphaf grunnskólagöngu. Þekking kenara á þróunarferli lestrar gerir þeim kleift að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur. Um leið og grunur vaknar um frávik í málþroska eða læsi hjá nemendum í 1.-4. bekk er brugðist við með snemmtækri íhlutun. Snemmtæk íhlutun er ein af meginstoðum læsisstefnunnar því að þar er að finna grunninn að góðu gengi í lestri. Viðbragðsáætlun stoðþjónustu Flóaskóla er þrí-þætt eftir stigvaxandi eðli vandans í hverju tilfalli:

Viðmið 1: aukið aðhald í bekk og aukin lestrarþjálfun heima í samvinnu umsjónarkennara og foreldra/forráðamanna.

Viðmið 2: væg inngrip frá umsjónarkennara, aðkoma stuðningsfulltrúa og aukin lestrarþjálfun heima. Daglegur lestur er skráður heima og í skóla eftir samkomulagi umsjónarkennara og foreldra/forráðamanna.

Viðmið 3: viðtæk inngrip frá umsjónarkennara og sérkennara, stuðningur í bekk, sérkennsla og aukin lestrarþjálfun heima. LOGOS-lestrargreining að fengnu samþykki foreldra. Einstaklingsáætlun og jafnvel einstaklingsnámskrá líka að tilskyldu leyfi frá foreldrum.

Sérkennslan fer ýmist fram innan eða utan bekkjar. Umsjónarkennarar og sérkennarar byggja kennsluáætlanir á niðurstöðum ofangreindra skimana og stöðumats í lestri. Ef vikið er verulega frá námsáætlun árgangsins er gerð einstaklingsáætlun/-námskrá og hún metin reglulega (sjá nánar í kafla 8.4 hér neðar). Í slíkri viðbragðsáætlun skal ávallt tilgreina þau markmið sem unnið er að, fyrirhugaðar leiðir til að ná markmiðunum, fyrirhugað tímabil áætlunarinnar og hvernig endurmati verði háttáð. Áherslupættir í sérkennslu í 1.-4. bekk eru málörvun (bæði málskilningur og máltjáning), þjálfun hljóðavitundar, þjálfun hljóðkerfisvitundar, lesfimi og lesskilningur.

Til viðbótar við þennan aukna lestrarstuðning út frá áherslum snemmtækrar íhlutunar er foreldrum veitt ráðgjöf um mikilvægi aukins lestrarstuðnings heima og þeir hvattir til samstarfs. Þeim er jafnframt bent á hve mikilvægt það er að lesa fyrir börn sín og ræða við þau um innihald textans. Nemendur með lestrarerfiðleika lesa öllu jöfnu minna sér til ánægu en aðrir og því er mikilvægt að þeir fái að hlýða á sögur og ævintýri í staðinn, bæði sér til ánægju og ekki síður til að efla orðaforða sinn og málskilning. Hljóðbækur eru jafnframt góður kostur.

Sérkennsla og stuðningur fer nú að mestu leyti fram í litlum hópi eða bekk. Við skipulag úrræða nýta kennarar Flóaskóla sérfræðiþekkingu og -ráðgjöf Skólaþjónustu Árnesþings varðandi alla þætti viðkomandi máli og læsi. Ef vísbendingar koma fram um vanda utan þeirrar sérfræðiþekkingar sem starfsmenn skólans búa yfir er, í samráði við foreldra, beðið um athugun fyrir nemandann hjá viðkomandi sérfræðingi skólaþjónustunnar. Ef ræða þarf málefni nemanda á fundi nemendaverndarráðs er ævinlega beðið um leyfi foreldra og/eða forráðamanna áður.

8.2.2 Íhlutun í 5.-10. bekk

Þótt grunnurinn að íhlutun vegna lestrarfrávika sé lagður í 1.-4. bekk heldur eftirfylgnin og aðhaldið áfram í 5.-10. bekk. Mikilvægt er að halda lestrarkennslu og lestrarþjálfun áfram út

allan grunnskólann og styðja hvern nemanda í máli og læsi út frá stöðu hans hverju sinni. Þetta þarf að gera í samvinnu heimilis og skóla. Farið er að sömu þrískiptu viðmiðunum og í 1.-4. bekk (sjá kafla 8.2.1), nema hvað við bætist nýtt úrræði, námsver, sem nánar verður fjallað um í kafla 8.3. Einnig verður stuðningur í bekk víðtækari en á yngri stigum þar sem lesskilnigur hefur sífellt meiri áhrif á nám í öllum bóklegum námsgreinum og mikilvægt er að tryggja að nemendur með lestrarfrávik dragist ekki aftur úr jafnöldrum sínum í námi. Aðlaga þarf námsefni og námsmat að þörfum og færni nemenda og bjóða þeim upp á fjölbreyttar aðstæður þegar þeir taka próf. Þannig eiga nemendur með dyslexíu t.a.m. rétt á lengri próftíma og að prófspurningar og fyrirmæli séu lesin upp fyrir þá.

Enn meiri áhersla er nú lögð á að nemendur með lestrarerfiðleika/dyslexíu nýti sér hljóðbækur, jafnt námsbækur á vef Menntamálastofnunar sem ýmsar bækur sér til yndis hjá Hljóðbókasafni Íslands. Hlustun þarf að koma að miklu leyti í stað lestrar hjá þeim sem mestan vanda hafa, bæði til gagns og gamans. Fræðsla og ráðgjöf til foreldra þar að lútandi er mikilvæg, m.a. kynning á tæknilegum björgum, og jafnframt samtal og samstarf varðandi lestrarþjálfun og gerð einstaklingsnámsáætlana og einstaklingsnámskráa (sjá nánar í kafla 8.4).

Við skipulag úrræða nýta kennarar Flóaskóla sérfræðipækkingu og -ráðgjöf Skólaþjónustu Árnesþings eins og í 1.-4. bekk. Þá er í samráði við foreldra send inn tilvísun og beðið um athugun hjá sérfræðingum skólaþjónustunnar fyrir þá nemendur sem sýna vísbendingar um vanda. Ef ræða þarf málefni nemanda á fundi nemendaverndarráðs er ævinlega beðið um leyfi foreldra og/eða forráðamanna áður.

8.3 NÁMSVER

Úrræði fyrir nemendur í 5.-10. bekk, og þá ekki síst í efstu árgöngunum, er tvíþætt; annars vegar stuðningur í bekk og hins vegar stuðningur eða sérkennsla í litlum hópi í námsveri. Samstarf sérkennara og/eða þroskaþjálfna við foreldra er afar mikilvægt og veita þeir foreldrum, kennurum og stuðningsfulltrúum ráðgjöf við val á námsefni og þjálfunina. Reynt er að sjá til þess að sérhver nemandi fái stuðning við hæfi, einstaklingsmiðað nám (sjá nánar í kafla 8.4), sveigjanlega akennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Þá tryggir námsverið minni áreiti og meiri möguleika til einbeitingu.

Sérstök áhersla er lögð á námstækni og eru nemendur hvattir til að rækta sterkar hliðar sínar og styrkja sjálfsmynd sína á jákvæðan hátt. Lögð er áhersla á að framkoma við nemendur einkennist af virðingu og jákvæðu viðmóti. Í námsverinu er fyrst og fremst boðið upp á sérkennslu í íslensku og stærðfræði en einnig í öðrum námsgreinum eftir þörfum nemenda. Í mörgum tilfellum er unnið út frá einstaklingsáætlun eða -námskrá en í vægari tilfellum nægir stuðningurinn við nemandann til þess að hann nái að fylgja námskrá bekkjarins.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál geta þurft á aðlöguðu námsefni og stuðningi við hugtaka- og lesskilning að halda í öllum bóklegum námsgreinum og er námsverið kjörið til þess

verkefni líka. Námsverið er jafnframt notað af ýmsum öðrum hópum en stoðþjónustunemendum. Þar þykir einfaldlega gott að tylla sér niður og læra í kyrrð og ró. Stundum leita nemendur þangað til að fá aðstoð hluta úr kennslustund og fara svo til baka í bekkinn sinn. Námsverið er því mjög sveigjanlegt úrræði og enginn nemandi stundar nám sitt alfarið þar.

8.4 EINSTAKLINGSMIÐAÐ NÁM

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna. Þá segir í Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 42) að nám í grunnskóla skuli taka mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins. Þetta á að endurspeglast í öllu skipulagi og kennslu innan skólans. Það gerir kröfur um að kennarar leggi sig fram um að kynnast hverjum nemanda sem hann kennir, meti stöðu hans í námi og hafi bæði nemanda og foreldra hans með í ráðum um þau markmið sem stefnt skal að hverju sinni. Þannig á skólinn að taka mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt.

Nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir einstaklinga því afar mismunandi. Þetta á jafnt við um námsaðstæður, kennslufyrirkomulag, námsefni og námstækni, námshraða og námsmat auk áhugasviðs nemenda. Engin ein aðferð eða efni hentar öllum nemendum jafnt. Hlutverk kennarans er að veita nemendum sínum handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Þetta á ekki hvað síst við um nemendur með málþroskaraskanir og lestrarörðugleika. „Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 24). Til að nám geti átt sér stað þarf því að tryggja nemendum þær aðstæður og þá kennsluhætti sem skapa forsendur til náms. Þar sem engir tveir nemendur eru eins er í raun allt nám einstaklingsmiðað.

Í kafla 8.2 var fjallað um námsverið sem ákjósanlegar *námsaðstæður* fyrir vissan hóp nemenda. En fyrir aðra er árangursríkara að breyta *inntaki* námsins. Þetta á við í þeim tilfellum þegar ljóst er að nemandi á í erfiðleikum með að ná viðmiðum árgangsins í ákveðinni námsgrein, þrátt fyrir gott samstarf og stuðning umsjónarkennara og foreldra. Oft er orsök erfiðleikanna að finna í málþroska- eða lestrarvanda, sem gerir nemandanum erfitt um vik að tileinka sér námsefni í bóklegri námsgrein. Þá er um tvo möguleika að ræða:

EINSTAKLINGSÁÆTLUN

Einstaklingsáætlun er gerð ef um væg frávik er að ræða. Gerð einstaklingsáætlunar felur í sér að farin er önnur leið að viðmiðum námsgreinarinnar fyrir árgang viðkomandi nemanda. Ýmist er námsefni aðlagð getu nemandans eða annað og heppilegra námsefni fundið fyrir hann, hvort heldur það er námsbók eða rafrænt efni. Oft eru þá verkefnaskil, próf og námsmat aðlagð líka. T.a.m. fá nemendur með dyslexíu tækifæri til að flytja verkefni munnlega í stað skriflega. Ekki er þörf á formlegu samþykki foreldra eða forráðamanna fyrir einstaklingsáætlun en kennari hefur áður verið í sambandi við þá og lýst yfir áhyggjum af námsframvindu nemandans.

EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Ef um alvarlegri frávik er að ræða eru inngripin *víðtækari*. Oft má rekja námsvanda til mál- þroskavanda og/eða lestrarerfiðleika. Verkefnastjóri stoðþjónustu, eða teymisstjóri í þeim tilfellum sem teymi er í kringum nemandann, ásamt umsjónarkennara boða foreldra á fund þar sem farið er vel yfir námslega stöðu nemandans í þeirri eða þeim námsgreinum sem hann hefur dregist aftur úr – og ljóst er að ógerlegt er fyrir hann að stefna að námsviðmiðum jafnaldra sinna. Verkefnastjóri stoðþjónustu og umsjónar- eða faggreinakennari þeirrar/þeirra námsgreina sem um ræðir gera í sameiningu einstaklingsnámskrá þar sem viðmið eru einfölduð og þeim fækkað og breytt út frá þörfum nemandans. Foreldrar þurfa að samþykkja nýju námsskrána til að kennarar megi byrja að vinna með nemandann út frá henni. Þá er námsefni aðlagað nemandanum ásamt aðferðum, leiðum og mati. Einstaklingsnámskrá fylgir stjörnumerkt einkunn sem hefur annað gildi en hefðbundin einkunn fyrir bekkjarnámskrá. Þetta þarf að upplýsa bæði nemandanum og foreldra um.

Mikilvægt er að hafa einnig í huga frávik í hina áttina, þ.e. bráðgera nemendur, og taka þannig tillit til þeirra nemenda sem ná efsta lesfímiviðmiði Menntamálastofnunar og eru komnir töluvert lengra á veg í lestri og ritun en bekkjarfélagar þeirra. Einstaklingsmiðað nám þarf að vísa til beggja átta þar sem allir eiga rétt ná námi og kennslu við hæfi.

9. STARFSÞRÓUN

Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, færni og þekkingu, auknum gæðum og árangri í starfi, auk þess sem líkur á kulnun í starfi minnka. Því er mikilvægt að skólar setji sér stefnu um starfsþróun starfsmanna. Huga þarf að starfsþróun sem samfellds, meðvitaðs og mótaðs ferlis sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Í Flóaskóla er stefnt að því að fjölga fagmenntuðu starfsfólki og hvetja kennara til að sækja málþing og fræðslufundi, ráðstefnur og fjölbreytileg námskeið til að efla þá í starfi. Þetta á auðvitað við um eflingu kennara í hverri þeirri námsgrein sem þeir kenna en ekki síst í læsisfræðum, sem fléttast inn í allt nám nemenda.

Þessu til viðbótar er leiðbeinendum gert kleift að stunda réttindanám meðfram starfi og nýútskrifaðir kenningar fá innleiðingu í starf á fyrsta starfsári. Þá er starfsfólki leiðbeint við að gera rannsóknir og mat á eigin starfi, auk þess sem það er hvatt til þátttöku í þróunarverkefnum og gert kleift að fara í skólaheimsóknir bæði innanlands sem utan. Skólastjóri veitir hverjum starfsmanni skólans árleg þróunarsamtöl þar sem meginmarkmiðið er að lyfta fram styrkleikum hvers starfsmanns og valdefla hann með hvatningu og samtali um áherslur í starfsþróun hans.

Skólastjórnendur bera ábyrgð á læsismenntun og faglegu lærdómssamfélagi. Áherslur varðandi mál og læsi fela í sér hvort tveggja í senn hvatningu og stuðning við kennara til að afla sér símenntunar í samræmi við stefnu skólans um eflingu málþroska og læsis. Þá sjá skólastjórnendur til þess að virkt læsisteymi sé jafnan starfandi við skólann sem m.a. hafi það hlutverk að endurskoða Mál- og læsisstefnu Flóaskóla við lok hvers skólaárs. Læsissteyminu sé jafnframt veitt gott svigrúm til samstarfs, áætlanagerðar og miðlunar til annarra kennara, starfsmanna og foreldra. Einnig verði sótt um styrki reglulega til að halda námskeið um árangursríkar kennslu-aðferðir í málörvun, lestri og ritun. Skólastjórnendur sækja einnig sjálfir námskeið til að stuðla að og viðhalda jákvæðu, valdeflandi og hvetjandi starfsumhverfi fyrir starfsmannahóp og nemendur Flóaskóla, eins og fram kemur í 2. gr. grunnskólalaga og lesa má fremst í þessari mál- og læsisstefnu.

10. FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1: Gátlisti fyrir hljóðkerfispætti

Fylgiskjal 2: Fylgiskjal fyrir bókstafaþekkingu

Fylgiskjal 3: Gátlisti fyrir lestrarfærni í 1.-2. bekk

Fylgiskjal 4: Sjö mismunandi tegundir ritunar

Fylgiskjal 5: Hugmyndir að verkefnum út frá yndislestri og/eða lestrarsprettum

Fylgiskjal 1: Gátlisti fyrir hljóðkerfispætti

ÞJÁLFUN HLJÓÐKERFISÞÁTTIA

Kennari:	Bekkur:												
_____	_____												
	Nemendur:												

Rím													
1. Finna orð sem rímar við upphafsorð													
2. Greina hvort tvö orð ríma eða ekki													
3. Greina orð sem rímar ekki við önnur tvö orð													

Hljóðgreining													
1. Greina orð sundur í atkvæði													
2. Greina fyrsta hljóð í orði													
3. Greina síðasta hljóð í orði													
4. Greina miðjuhljóð í orði													
5. Greina öll hljóð í stuttu orði (3-4 hljóð)													
6. Greina öll hljóð í lengra orði (5-7 hljóð)													

Hljóðtenging													
1. Tengja saman hljóð (2-3 hljóð)													
2. Tengja saman hljóð í orð (2-5 hljóð)													
3. Tengja saman hljóð í orð (6-7 hljóð)													
4. Tengja saman atkvæði í orð													
5. Tengja saman orð í samsett orð													

Hljóðeyðing													
1. Eyða fremsta hljóði orðs													
2. Eyða síðasta hljóði orði													
3. Eyða miðjuhljóði orðs													
4. Eyða fyrra orði úr samsettu orði													
5. Eyða síðara orði úr samsettu orði													

Fylgiskjal 2: Gátlisti fyrir bókstafaþekkingu

ÞJÁLFUN BÓKSTAFABEKKINGAR ÚT FRÁ STAFARÖÐ Í K-PALS

Á / á																				
M / m																				
S / s																				
Í / í																				
A / a																				
L / l																				
R / r																				
Ó / ó																				
T / t																				
I / i																				
Ú / ú																				
F / f																				
E / e																				
P / p																				
K / k																				
B / b																				
N / n																				
Æ / æ																				
D / d																				
É / é																				
O / o																				
V / v																				
Þ / þ																				
J / j																				
G / g																				
U / u																				
Ð / ð																				
Y / y																				
H / h																				
Ei / ei																				
Ey / ey																				
X / x																				
Ö / ö																				
Ý / ý																				
Au / au																				

Fylgiskjal 3: Gátlisti fyrir lestrarfærni í 1.-2. bekk

LESTRARFÆRNI NEMENDA Í 1. OG 2. BEKK

Kennari:	Bekkur:													
_____	_____													
	Nemendur:													

Grunnfærni

1. Þekkir muninn á bókstaf, orði og setningu														
2. Þekkir alla hástafi (tákn)														
3. Þekkir alla lágstafi (tákn)														
4. Þekkir muninn á sérhljóða og samhljóða														
5. Þekkir heiti allra stafanna														
6. Þekkir hljóð allra stafanna														
7. Getur umskráð tvö til þrjú hljóð														
8. Getur lesið einföld orð														
9. Getur lesið flókin orð með samhljóðasamböndum														
10. Getur lesið stuttar setningar														
11. Getur lesið einfaldan texta														

Hlustunar- og lesskilningur

1. Getur ályktað út frá mynd þegar hlustað er á sögu														
2. Getur tengt atburði í sögu við eigin reynslu/þekk.														
3. Getur parað orð við mynd														
4. Getur parað einfalda setningu við mynd														
5. Getur teiknað mynd út frá atburðarás í frásögn														
6. Getur sagt frá meginatriðum einnar efnisgreinar/blaðsíðu sem hlustað er á														
7. Getur lesið einfaldan texta og sagt frá atburðarás														

Fylgiskjal 4: Sjö mismunandi tegundir ritunar

SJÖ MISMUNANDI TEGUNDIR RITUNAR

Nokkrar hugmyndir að þjálfun mismunandi ritunar í tengslum við árstíðirnar

Frásögn (e. Recount)	Skýrsla (e. Report)	Útskýringar (e. Explanation)	Leiðbeiningar (e. Procedural)	Sannfærandi (e. Persuasive)	Rökræður (e. Argument)	Skapandi Creative)
Skrifa minningar frá síðasta sumri, vetri, hausti eða vori	Búa til bók um þá árstíð sem nemandinn á afmæli í: skrifa staðreyndir	Útskýra hvernig snjór verður til Útskýra hvað dýrin gera til að lifa af veturinn	Skrifa leiðbein. um hvernig búa á til ís Skrifa leiðbein. um hvernig kveikja á varðeld Skrifa leiðbein. um hvernig á að klæða sig fyrir mismunandi veður	Skrifa auglýsingu um tjald til sölu Skrifa auglýsingu sem á að sannfæra aðra um að fódra fuglana á veturna Skrifa auglýsingu um skíðaferð Skrifa auglýsingu um sólarlandaferð	Færa rök fyrir uppáhalds árstíðinni sinni Taka afstöðu og rökstyðja hvort gott væri að búa í landi þar sem allt af er heitt eða alltaf kalt – eða í landi þar sem veðurfar breytist eftir árstíðum Færa rök fyrir því hvort betra er að ferðast í húsbíl eða hafa með sér tjald – hverjir eru kostirnir og hverjir gallarnir?	Skrifa ljóð um veðrið Skrifa ljóð um náttúruna Skrifa smásögu um það hvernig við flúðum þegar jörðin fór á flot Skrifa smásögu um það sem gerðist þegar vindurinn feykta mér í burtu Fara út og skrifa ljóð út frá skynfærunum fimm, reyna að hafa sem flest með Skrifa ljóð um náttúruna í japönsku haiku-formi: þrjár línur og 5-7-5 atkæði, eitt á hverri árstíð
Skrifa frásögn af nýafstöðnu ferðalagi	Gera skýrslu um einn skólalag					
Skrifa frásögn af nýliðnum atburði	Lýsa tréi í gegnum mismunandi árstíðir.					
Skrifa frásögn af ánægjulegri samveru með fjölskyldunni	Getur líka verið myndrænt. Árstíðaspæjari gefur vísbend.: Nemendur gjaska á hvaða árstíð er rætt um		Skrifa leiðbein. um hvernig á að búa sig fyrir ferðalag að vetri og sumri			
Skrifa frásögn af ánægjulegri samveru með vini/vinum			Skrifa leiðbein. um leiki sem hægt er að fara í á mismunandi árstíðum			
Nota myndir til að styrkja frásögnina						

Fylgiskjal 5: Hugmyndir að verkefnum út frá yndislestri og/eða lestrarsprettum

NOKKRAR HUGMYNDIR AÐ VERKEFNUM ÚT FRÁ LESTRI

1. Nýr endir
Nemendur hugsa sér nýjan endi á bók/sögu sem þeir lesa, skrá hann niður og lesa fyrir félagi – eftir að hafa greint frá meginatriðum bókarinnar í nokkrum setningum
2. Spurningar og svör
Nemendur útbúa þrjár spurningar sem hægt væri að spyrja úr bókinni og útbúa spjöld
3. Flettibók
Myndrænt verkefni þar sem unnið er með aðalpersónu í bók/sögu, vanda hennar og lausn
4. Sögukort
Myndrænt og/eða skriflegt verkefni um aðalpersónu, upphaf, miðju og endi
5. Orðarammar – orðaforðavinna
Nemendur velja fjögur orð úr bókinni sem þeim finnast skrytín eða skemmtileg – og semja setningu í kringum hvert þeirra
6. Bréf til höfundar
Nemendur skrifa höfundi bókarinnar sem þeir lásu bréf þar sem þeir segja t.d. frá því sem þeim þótti skemmtilegt, gott, skrytið eða óvænt við lestur bókarinnar, því sem vakti spurningar með þeim – og spyrja höfundinn spurninga um söguþráð eða persónur
7. Fjögur atriði úr bókinni
Skrifleg og/eða myndræn úrvinnsla eftir bóklestur þar sem unnið er með persónur og/eða valin atriði úr sögunni
8. Auglýsing um bókina
Nemendur útbúa auglýsingu um bókina sem þeir lásu, fjölbeyttir möguleikar um efnistöð og aðferðir, t.d. rafræn úrvinnsla
9. Öframsögn um bókina
Nemendur segja í örstuttu máli frá því um hvað bókin fjallar, æfing í að draga saman meginatriðin á 2 mínútum
10. Hvað er líkt með ykkur?
Nemendur velja sér eina persónu úr bókinni og greina hvað er líkt og ólíkt með persónunni og þeim sjálfum
11. Bókamerki
Nemendur útbúa bókamerki; framan á merkið teikna þeir mynd úr sögunni, aftan á skrá þeir upplýsingar um bókina
12. Bókarkápa
Nemendur gera bókarkápu; skrifa höfund, titil, það sem þeir lærðu af lestri bókarinnar og teikna mynd sem þeim finnst passa við

11. FRÆÐSLUEFNI

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Vefur um réttindi barna, fyrir börn, unglinga og fullorðna.

<https://barnasattmali.is/>

Betra nám. Lesblinduráðgjöf. Sjó algeng einkenni lesblindu. <http://betranam.is/blog/7-algeng-einkenni-lesblindu/>

Félag lesblindra á Íslandi. Vefur um einkenni og úrræði fyrir lesblinda.

http://www.fli.is/index.php?option=com_frontpage&Itemid=1

Heimili og skóli. Landssamtök foreldra. <https://www.heimilhogskoli.is/>

Heimurinn er hér. Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/fjolmenningarstefna_oppsett.pdf

Hraðlestrarskólinn. Fjarnámskeið í hraðlestri, m.a. fyrir lesblinda. <http://m.hradlestrarskolinn.is/lesblinda/>

Hugmyndir, reynsla og viðmið tengd kennslu barna með dyslexíu. (2010). Félag lesblindra á Íslandi.

Hvað einkennir góðan lesara? Menntamálastofnun.

https://mms.is/sites/mms.is/files/hvad_eink.godan_lesara_a3.pdf

Hvað einkennir góðan námsmann? Menntamálastofnun.

https://mms.is/sites/mms.is/files/hvad_einkennir_godan_namsmann-a3.pdf

Hvítbók um umbætur í menntun. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Langi býr að fyrstu gerð. Handtæk læsisráð til að styðja málþroska barna. Á íslensku og ensku:

<https://mms.is/sites/mms.is/files/laesisrad.pdf> & https://mms.is/sites/mms.is/files/laesisradin_-_enska_utgafan.pdf

Lesblinda / Dyslexía – fróðleikur og ráðgjöf. (2007). Félag lesblindra á Íslandi.

Lesblindir. Námskeiðið „Færni“. Kennsla í notkun rafrænna verkfæra til að auðvelda lestur og skrift.

<http://www.lesblindir.is/hjalparefni/aftur-i-nam/>

Lesblindir. Tækni (vél- og hugbúnaður) til að auðvelda lestur, skrift og vinnu með tölur.

<http://www.lesblindir.is/hjalparefni/taekni-fyrir-lesblinda/>

Lesfímiviðmið Menntamálastofnunar fyrir alla árganga grunnskólans.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf

Lesum meira. Læsi í krafti foreldra. Stutt myndband um læsi. Menntamálastofnun. <https://www.lesummeira.is/>

Lesvefurinn. Fróðlegt og gagnlegt efni um læsi og lestrarerfiðleika. www.lesvefurinn.hi.is

Læsisáttmáli heimilis og skóla. Læsisuppeldi foreldra, leiðbeiningar í sex skrefum.

<http://www.heimilhogskoli.is/laesissattmali/>

Móttökuáætlun Reykjavíkurborgar vegna nemenda með íslensku sem annað mál.

<https://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

Miðja máls og læsis. Útskýringar á hugtökum tengdum máli. <https://mml.reykjavik.is/mal/>

Miðja máls og læsis. Útskýringar á hugtökum tengdum læsi. <https://mml.reykjavik.is/laesi/>

Móðurmál. Samtök um tvítyngi. Leiðir til að styðja við móðurmál tvítyngrdra barna. <http://www.modurmal.com/>

Þjódarsáttmáli um læsi. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/thjodarsattmali-um-laesi/>

12. NÁMSGÖGN, -AÐFERÐIR OG ÖPP

Íslenskar rafbækur. <https://www.emma.is/>

Krakkavefir. Fjölbreytileg námsforrit Menntamálastofnunar fyrir tölvur/spjaldtölvur sem örva mál og læsi. <https://mms.is/krakkavefir>

Ljáðu mér eyra. Bók með verkefnum sem þjálfar hljóðkerfisvitund. <https://a4.is/product/ljadu-mer-eyra-undirbuningur-fyrir-lestur-4-utg>

Ljáðu mér eyra. Spil sem undirbúa börn fyrir lestrarnám. <https://a4.is/product/ljadu-mer-eyra-spil-hljodgreining-fyrsta-hljod>

Lubbi finnur málbein. Námsbók til að þjálfar íslensku máhljóðin. <http://www.lubbi.is/>

Lærum og leikum með hljóðin. Fræðsluefni, námsbók, veggspjöld og smáforrit. <https://laerumogleikum.is/>

Markviss málörvun. Kerfisbundin þjálfun í hljóðkerfisvitund gegnum leik. Fæst einnig sem rafbók. <https://mms.is/namsefni/markviss-malorvun-pdf>

Menningarmót. *Fljúgandi teppi.* Þverfaglegt verkefni til að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima. <http://tungumalatorg.is/menningarmot/>

Menningarmót. *Rætur og vængir.* Aðferð við tungumálakennslu, jafnt í móðurmáli sem íslensku sem öðru máli. <http://tungumalatorg.is/menningarmot/tungumalakennsla/>

Námsefni sem ætlað er til málörvunar og lestrarkennslu barna. Lesvefurinn. <http://lesvefurinn.hi.is/namsefni>

Orðaforðalisti Menntamálastofnunar. Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. <https://mms.is/sites/mms.is/files/ordalisti.pdf>

SAFN-kennsluáferðin (e. CLIM). Samvinnunámsáferðin í fjölbreyttum nemendahópi. https://vefir.mms.is/klb/vinir_nyjulandi.pdf

Skólaorðaforði. Íslenska sem annað mál. Aðferðir og leiðir. <http://tungumalatorg.is/sisl/efnisbanki/siop/>

Skólavefurinn. Þjálfunarefni í lesskilningi og bókmenntum, málfræði og málnotkun. <http://nytt.skolavefurinn.is/namsgrein/islenska>

Talgreinir. Vefgátt á íslenskan talgreini, þjálfaðan á frjálsum og opnum gögnum. <https://tal.ru.is/>

Tákn með tali (TMT). Tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að etja. <http://tmt.is/forsida.htm>

Tungumalatorg. Námsefni og fróðleikur tengt fjöltyngi. <http://tungumalatorg.is/>

Unglingavefir. Fjölbreytileg námsforrit Menntamálastofnunar fyrir tölvur/spjaldtölvur sem örva mál og læsi. <https://mms.is/unglingavefir>

Villupúkinn Skrambi. Leiðréttingarforrit fyrir stafsetningu. <http://www.skrambi.arnastofnun.is/>

Öpp fyrir Android síma. Þjargir fyrir lesblinda og aðra sem vilja nýta sér þessa tækni.

1. TTS Engine for Ivona Icelandic (Ivona er talgervill/lestrarforrit sem les upp texta af skjá). <https://play.google.com/store/apps/details?id=com.readspeaker.ivonatsengine>

2. Text Fairy (OCR Text Scanner). Hægt að taka mynd af texta og hlusta svo á hann. <https://play.google.com/store/apps/details?id=com.renard.ocr>

3. Whats App Messenger. Þægileg skilaboðaskjóða (Messenger), er frítt og í eigu Facebook.
<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.whatsapp>
4. HBS (Hljóðbókasafn Íslands). Virkar bæði fyrir Android og iPhone síma.
<https://play.google.com/store/apps/developer?id=Hlj%C3%B3%C3%B0b%C3%B3kasafn+%C3%8Dslands>
5. Google Translate. Hægt að tala, mynda eða slá inn texta og flytja yfir á önnur tungumál.
<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.google.android.apps.translate>
6. Talk FREE. Text to Voice. Gott app til að vinna með texta frá heimasíðum eða lesa skjöl.
<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.ktix007.talk>
7. Google Keep. Gott fyrir glósur, minnismiða og sem gátlisti. Hægt að deila með öðrum.
<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.google.android.keep>
8. Orðagarður – gaman með orðum. Skemmtilegur orðaleikur, góð æfing fyrir alla.
<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.apnax.wordpark>

13. HEIMILDIR OG STUÐNINGSRIT

Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Arnheiður Borg, Halldóra Halldórsdóttir o.fl. (2009). Talað mál og hlustun. Íslenska í 1. og 2. bekk. *Handbók kennara*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Baldur Sigurðsson. (2017). Punktur um læsi (í viðum skilningi). *Skólaþræðir*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2017/09/24/punktar-um-laesi-i-vidum-skilningi/>

Bergljót V. Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Háskólaprent.

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítýngi. *Fjölmennning á Íslandi*. Ritstjórar Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Guðmundur Engilbertsson. (2010). Orð af orði – áhrif markvissrar orðakennslu á orðaforða og lesskilning nemenda. Háskólinn á Akureyri.

Hvítbók um umbætur í menntun. (2014). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Lesvefurinn. Um læsi og lestrarerfiðleika. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/132>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). Hvítbók um umbætur í menntun. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Menntamálastofnun. Lesfímiviðmið fyrir alla árganga grunnskólans. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf

Skólafélag Flóahrepps. Sótt af <https://www.floahreppur.is/stjornsysla/skolastefna-floahrepps/>

Spandel (2008). *Creating young writers: Using the six traits to enrich writing process in primary classroom* (2. útgáfa). Boston: Pearson.

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi. *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnth_laesi.pdf

Unesco. (2012). *Literacy*. Sótt af www.unesco.org/new/en/education/themes/education-building-blocks/literacy/

RÝNIHÓPUR UM MÁL- OG LÆSISSTEFNU FLÓASKÓLA 2018-2019

Gunnlaug Hartmannsdóttir

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Jóhanna Eðvaldsdóttir

Ósk Unnarsdóttir

Unnur Bjarkadóttir

LÆSISTEYMI FLÓASKÓLA 2018-2019

Jóhanna Eðvaldsdóttir

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Ósk Unnarsdóttir

Unnur Bjarkadóttir

VERKEFNISSTJÓRI 2018-2019

Draumey Aradóttir